

**SKÝRSLA STJÓRNAR  
LÍU Á STARFSÁRINU  
2009 – 2010**

LANDSSAMBAND  
ÍSLENSKRA  
ÚTVEGSMANNA



# EFNISYFIRLIT

<b>1. STJÓRNIR OG RÁÐ</b>	<b>5</b>	<b>7. MÖNNUNARMÁL</b>	<b>19</b>
<b>Stjórn LÍÚ</b>		Mönnunarnefnd fiskiskipa	
Helstu stjórnir, ráð, nefndir og starfshópar sem LÍÚ á aðild að		Undanþágunefnd	
<b>2. HAFRANNSÓKNIR, RÁÐGJÖF</b>	<b>8</b>	<b>8. MENNTAMÁL</b>	<b>20</b>
Veiðiráðgjöf og aflamark		Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins	
Loðnuleit og loðnumælingar		Alþjóðasiglingamálastofnunin	
Síldarleit		Verkefnisstjórn LÍÚ og Háskólans á Akureyri	
<b>3. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF UM FISKVEIÐISTJÓRNUN</b>	<b>10</b>	Sjómennt	
Ársfundur NEAFC		AVS rannsóknasjóður	
Fundað með Rússum um samstarf í sjávarútvegi		<b>9. UMHVERFISMÁL</b>	<b>22</b>
Strandríkjasamningar um stjórn síld- og kolmunnaveiða árið 2010		Endurvinnsla veiðarfæra úr gerviefnum	
Ársfundur NAFO 2010		Úrvinnslusjóður	
Fundur um úthafskarfa á Reykjanes hrygg		<b>10. ÁBYRGAR FISKVEIÐAR</b>	<b>23</b>
Fundur strandríkja um veiðar á síld og kolmunna árið 2011		Íslenska upprunamerkið	
Viðræður um stjórn makrílveiða ársins 2011		<b>11. TRYGGINGAR</b>	<b>24</b>
<b>4. AUÐLINDAMÁL</b>	<b>12</b>	Samningar við váttryggingafélögin um váttryggingagjöld árið 2010	
Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða		Húftryggingamat fiskiskipa	
<b>5. KJARAMÁL</b>	<b>16</b>	Innheimta váttryggingaiðgjalda 2010	
Kjarasamningar lausir		Slysatryggingar sjómanna	
Úrskurðarnefnd		<b>12. AFLAHEIMILDIR</b>	<b>25</b>
Olíuverð og skiptaverðmætishlutfall		<b>13. KVÓTAMIÐLUN LÍÚ</b>	<b>28</b>
<b>6. SIGLINGAMÁL, SKIPATÆKNI OG ÖRYGGISMÁL</b>	<b>18</b>	<b>14. ÍSFISKSALA</b>	<b>32</b>
Siglingaráð			
Verkefnisstjórn áætlunar í öryggismálum sjófarenda			

## INNGANGUR

Síðasta ár hefur um margt verið sérstakt í starfi íslenskra útvegsmanna. Í stað þess að öllum kröftum hafi verið varið til að rífa reksturinn úr því fari sem bankahrunið setti hann í hefur allt of mikil orka farið í að verjast illa ígrunduðum og óraunhæfum hugmyndum um upptöku og uppboð á aflaheimildum fyrirtækjanna samkvæmt svokallaðri fyrningarleið. Það þarf enga sérfræðinga til að finna út að ef tekjur fyrirtækjanna eru frá þeim teknar þá fer illa. Það skiptir ekki máli þó að skipt sé um nafn á eignaupptökunni.

Framganga ákveðinna aðila í stjórnarliðinu hefur einkennst af fyrirlitningu og jafnvel andúð í garð útvegsmanna. Samskiptin við æðsta yfirvald sjávarútvegsmála hafa verið með þeim hætti að traust hefur þorrið. Í stað þess að yfirmaður sjávarútvegsmála hafi lagst á árarnar með atvinnugreininni upplifa útvegsmenn á tíðum fjandsemi úr þeim ranni. Góðir stjórnsýsluhættir þar sem virðing er borin fyrir jafnræði þegnanna og almennum leikreglum hafa vikið fyrir stundarvinsældum. Réttur sjávarútvegsfyrirtækja til aflaheimilda sinna er varinn af ákvæðum 72. greinar stjórnarskrárinnar. Breytingar á lögum eða stjórnarskrá verða ekki gerðar nema að gættum þessum rétti hvort sem hann er tilkominn með veiðireynslu innan eða utan lögsögu eða kaupum á aflahlutdeild.

Útvegsmenn hafa verið reiðubúnir til að vinna með stjórnvöldum að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Við höfum m.a. fallist á að vinna að útfærslu á svokallaðri samningaleið varðandi handhöfn aflaheimilda sem breið samstaða náðist um í starfshópi um endurskoðun laganna. Þrátt fyrir að í ákveðnum tilvikum kunni samningaleiðin að skerða núverandi rétt sjávarútvegsfyrirtækja vilja útvegsmenn útfæra hana með stjórnvöldum til að ná sátt um sjávarútvegsmálin. En það þarf tvo til og nú er mál að pólitískum hráskinnaleik linni.



**Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LIÚ**



## Stjórn LÍÚ:

Aftari röð frá vinstri:

Ólafur Marteinnsson  
 Eiríkur Tómasson  
 Þórður Rafn Sigurðsson  
 Hjörtur Gíslason  
 Kristján Vilhelmsson, varamaður  
 Gunnar Ásgeirsson  
 Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ  
 Eyþór Harðarson  
 Ólafur Rögnvaldsson

Fremri röð frá vinstri:

Guðmundur Kristjánsson  
 Gunnþór Ingvason  
 Guðrún Lárusdóttir  
 Adolf Guðmundsson, formaður stjórnar  
 Einar Valur Kristjánsson  
 Kristján Loftsson

Á myndina vantar þá Þorstein Má Baldvinsson og Þorstein Erlingsson.

## 1. STJÓRNIR OG RÁÐ

### Í samþykktum LÍÚ segir eftirfarandi um stjórnarkjör:

„Í stjórn LÍÚ skal kjósa 15 menn og 14 til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til þriggja ára í senn, þannig að á aðalfundi LÍÚ árið 2002 skulu 5 stjórnarmenn ganga úr, á aðalfundi LÍÚ árið 2003 skulu 4 menn ganga úr og á aðalfundi LÍÚ 2005 skulu 5 ganga úr og þannig koll af kalli. Skal þess ávallt gætt að útvegsmannafélagi, sem ræður að minnsta kosti 10% af heildaratkvæðum skv. atkvæðaskrá sé tryggður einn maður í aðalstjórn. Í varastjórn skal kosið á sama hátt.“

### Formaður:

Adolf Guðmundsson, Seyðisfirði.

### Aðalmenn kjörnir til þriggja ára 2009:

Ólafur Marteinnsson, Siglufirði.  
 Ólafur Rögnvaldsson, Hellissandi  
 Gunnar Ásgeirsson, Höfn Hornafirði  
 Þorsteinn Erlingsson, Reykjanesbæ.

### Kjör tveggja aðalmanna í aðalstjórn til tveggja ára 2009:

Gunnþór Ingvason, Neskaupstað  
 Eyþór Harðarson, Vestmannaeyjum

**Aðalmenn kjörnir til þriggja ára 2008:**

Einar Valur Kristjánsson, Ísafirði  
Guðrún Lárusdóttir, Hafnarfirði  
Hjörtur Gíslason, Reykjavík

**Aðalmenn kjörnir til þriggja ára 2007:**

Eiríkur Tómasson, Grindavík  
Guðmundur Kristjánsson, Reykjavík  
Kristján Loftsson, Reykjavík  
Þorsteinn Már Baldvinsson, Akureyri  
Þórður Rafn Sigurðsson, Vestmannaeyjum

**Varamenn kjörnir til þriggja ára 2009:**

Kristján Vilhelmsson, Akureyri  
Guðbjartur Einarsson, Reykjavík  
Jónas Jóhannsson, Þórshöfn  
Sverrir Pétursson, Ísafirði

**Kjör eins manns í varastjórn til tveggja ára 2009:**

Páll Snorrason, Eskifirði

**Varamenn kjörnir til þriggja ára 2008:**

Bergþór Baldvinsson, Garði  
Jón Eðvald Friðriksson, Sauðárkróki  
Ingi Jóhann Guðmundsson, Garðabæ  
Rúnar Þór Stefánsson, Reykjavík

**Varamaður kosinn til tveggja ára 2008:**

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, Vestmannaeyjum

**Varamenn kjörnir til þriggja ára 2007:**

Ármann Ármannsson, Reykjavík  
Guðmundur Smári Guðmundsson, Grundarfirði  
Hannes Sigurðsson, Þorlákshöfn  
Pétur H. Pálsson, Grindavík

Löggiltur endurskoðandi hefur verið eins og áður  
PricewaterhouseCoopers ehf., Reykjavík.

Haldnir voru 14 stjórnarfundir á starfsárinu.

Á fyrsta stjórnarfundinum núverandi stjórnar, sem haldinn var 30. október 2009, var Eiríkur Tómasson endurkjörinn varaformaður, Einar Valur Kristjánsson ritari og Þorsteinn Erlingsson vararitari stjórnar.

**FRAMKVÆMDARÁÐ STARFSÁRIÐ 2009-2010:**

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar voru eftirtaldir stjórnarmenn kjörnir í framkvæmdaráð starfsárið 2009-2010. Formaður er sjálfkjörinn.

**Aðalmenn:**

Adolf Guðmundsson, formaður

Eiríkur Tómasson,  
Einar Valur Kristjánsson  
Hjörtur Gíslason,  
Guðmundur Kristjánsson  
Þorsteinn Már Baldvinsson

**Varamenn:**

Ólafur Rögnvaldsson  
Guðrún Lárusdóttir  
Kristján Loftsson  
Gunnar Ásgeirsson  
Þórður Rafn Sigurðsson

Á aðalfundi 2002 var gerð breyting hvað varðar kjör fulltrúa útvegsmannafélaga á aðalfund LÍÚ og segir nú í 19. gr. samþykkt LÍÚ:

„Á aðalfundum útvegsmannafélaga skal samtals kjósa eitt-hundrað og áttatíu fulltrúa til eins árs í senn á sambandsfundum, og tilkynna kjör þeirra til sambandsins, minnst tveimur vikum fyrir aðalfund.“

Við kjör fulltrúa á sambandsfundum skal fulltrúafjöldi útvegsmannafélags grundvallast annars vegar á greiddum iðgjöldum til sambandsins en hins vegar af fjölda skipa í eigu félagsmanna útvegsmannafélags.“

**HELSTU STJÓRNIR, RÁÐ, NEFNDIR OG STARFSHÓPAR SEM LIÚ Á AÐILD AÐ:****AVS STJÓRNARNEFND**

Friðrik J. Arngrímsson

**ÍSLANDSSTOFA**

Eggert B. Guðmundsson

**AVS VERKEFNISSTJÓRN VINNSLU OG BÚNAÐAR**

Kristján Þórarinsson

**LÍFEYRISSJÓÐURINN GILDI**

Friðrik J. Arngrímsson

**Varamaður**

Hjörtur Gíslason

**FRAGRÁÐ RANNSÓKNARSET-****URS UM LÍFRÍKI SJÁVAR**

Kristján Þórarinsson

**MÖNNUNARNEFND FISKI-SKIPA**

Friðrik J. Arngrímsson

Guðfinnur G. Johnsen

**FRAMKVÆMDASTJÓRN****SAMTAKA ATVINNULÍFSINS**

Friðrik J. Arngrímsson

**Varamenn**

Ágúst Sigurðsson

Björn Jónsson

**HAFNARÁÐ**

Friðrik J. Arngrímsson

**NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ATVINNULÍFSINS**

Arnar Sigurmundsson

**HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN**

Friðrik J. Arngrímsson

**Varamaður**

Einar Valur Kristjánsson

**Varamaður**

Björn Jónsson

**RÁÐGJAFANEFND HAFRANN-  
SÓKNASTOFNUNARINNAR**

Kristján Þórarinsson

**SAMSTARFSNEFND LÍU OG  
HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR-  
INNAR UM KARFARANNSÓKNIR**

Kristján Þórarinsson

**SAMSTARFSNEFND UM  
BÆTTA UMGENGNI UM  
AUÐLINDIR SJÁVAR**

Kristján Þórarinsson

**SAMSTARFSVETTVANGUR  
SJÁVARÚTVEGS OG IÐNAÐAR**

Friðrik J. Arngrímsson

**SAMSTARFSVETTVANGUR  
SJÁVARÚTVEGS OG IÐN-  
AÐAR, VERKEFNISSTJÓRN**

Kristján Þórarinsson

**SAMTÖK ATVINNUREKENDA Í  
SJÁVARÚTVEGI**

Adolf Guðmundsson

Eiríkur Tómasson

Friðrik J. Arngrímsson

**SIGLINGARÁÐ**

Guðfinnur G. Johnsen

**Varamaður**

Friðrik J. Arngrímsson

**SJÓMENNT**

Rúnar Þór Stefánsson

Sveinn Hjörtur Hjartarson

**STARFSGREINARÁÐ MÁLM-  
TÆKNI**

Guðfinnur G. Johnsen

**STARFSHÓPUR UM VOTTUN  
ÁBYRGRA FISKVEIÐA  
ÍSLENDINGA**

Kristján Þórarinsson

**STJÓRN FISKIFÉLAGS  
ÍSLANDS**

Kristján Loftsson

Kristján Þórarinsson

**STJÓRN SAMTAKA ATVINNU-  
LÍFSINS**

Adolf Guðmundsson

Friðrik J. Arngrímsson

Ólafur Rögnvaldsson

**TÆKNISKÓLINN EHF.**

Friðrik J. Arngrímsson

**Varamaður**

Kristján Vilhelmsson

**Fagrað Véltekniskólans**

Guðfinnur G. Johnsen

**Fagrað Skipstjórnarskólans**

Ingimundur Ingimundarson

**UNDANÞÁGUNEFND FISKI-  
SKIPA**

Björn Jónsson

Guðfinnur G. Johnsen

**Varamenn**

Ágúst Sigurðsson

Ingimundur Ingimundarson

**ÚRSKURÐARNEFND SJÓ-  
MANNA OG ÚTVEGSMANNA**

Friðrik J. Arngrímsson

Rúnar Þór Stefánsson

Pétur H. Pálsson

**Varamenn**

Sveinn Hjörtur Hjartarson

Ólafur Marteinnsson

Stefán Friðriksson

**ÚRVINNSLUSJÓÐUR**

Guðfinnur G. Johnsen

**VERKEFNISSTJÓRN UM  
LANGTÍMAÁÆTLUN Í  
ÖRYGGISMÁLUM SJÓMANNA**

Guðfinnur G. Johnsen

**VERKEFNISSTJÓRN LÍU OG  
UNAK UM SJÁVARÚTVEGS-  
NÁM**

Sveinn Hjörtur Hjartarson

**VINNUHÓPUR HAFRANN-  
SÓKNASTOFNUNARINNAR  
UM ÞORSKRANNSÓKNIR**

Kristján Þórarinsson



## 2. HAFRANNSÓKNIR, RÁÐGJÖF

### VEIÐIRÁÐGJÖF OG AFLAMARK

Þegar stofnmat Hafrannsóknastofnunarinnar lá fyrir í vor var ljóst að aflaregla meðaltals aflamarks síðasta fiskveiðiárs og 20% af mati á veiðistofni í upphafi árs gæfi 160 þúsund tonna aflamark fyrir fiskveiðiárið 2010-2011. Útvegsmenn töldu, í ljósi nýs stofnmats þar sem þorsstofninn er talinn stærri en áður var talið, að aflamark ætti að vera a.m.k. 180 þúsund tonn, auk þess sem taka ætti gildandi aflareglu til endurskoðunar. Jafnframt var ítrekuð sú krafa að öll mismunun, svo sem línuviltun og strandveiðar o.fl., skyldi afnumin. Ráðherra ákvað að aflamark skyldi vera 160 þúsund tonn og jafnframt að skipa starfshóp til að vinna að endurskoðun aflareglunnar.

Nýliðun ýsu var með besta móti nokkur ár í röð og kvað mest að risaárganginum frá 2003. Stofninn stækkaði því verulega og aflamarkið fylgdi þeirri þróun og aflinn einnig. Síðan hefur nýliðun færst í venjubundið horf og stofninn óumflýjanlega minnkað. Hafrannsóknastofnunin lagði til að aflamark fiskveiðiársins 2010-2011 yrði 45 þúsund tonn, en útvegsmenn töldu að hæfilegt aflamark væri 50 þúsund tonn. Ráðherra ákvað að aflamark í ýsu skyldi vera 50 þúsund tonn.

Mikil óvissa fylgir jafnan stofnmati ufsa. Hafrannsóknastofnunin lagði til að aflamark í ufsa fiskveiðiárið 2010-2011 yrði 40 þúsund tonn en útvegsmenn töldu hæfilegt aflamark vera 50 þúsund tonn eða óbreytt frá fyrra ári. Ráðherra ákvað 50 þúsund tonna aflamark.

Aflamark karfa fyrir síðasta fiskveiðiár var 50 þúsund tonn og tók til bæði gullkarfa og djúpkarfa. Í ár er breytt stjórnun á karfaveiðum sem felst í því að sitt hvort aflamarkið gildir fyrir tegundirnar gullkarfa og djúpkarfa. Hafrannsóknastofnunin lagði til að heimilt yrði að veiða 30 þúsund tonn af gullkarfa en útvegsmenn töldu 33 þúsund tonn hæfilegt aflamark. Í djúpkarfa lagði stofnunin til að veiða mætti 10 þúsund tonn en útvegsmenn töldu 12 þúsund tonn hæfilegt aflamark. Ráðherra ákvað að aflamark skyldi fylgja ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar, 30 þúsund tonn í gullkarfa og 10 þúsund tonn í djúpkarfa.

Hafrannsóknastofnunin lagði sem fyrr til að verulega yrði dregið úr veiðum á grálúðu og aðeins yrði heimilt að veiða 5 þúsund tonn á svæðinu við A-Grænland, Ísland og Færeyjar. Útvegsmenn lögðu til að heimilt yrði að veiða 12 þúsund tonn, enda væru uppi verulegar efasemdir um grundvöll veiðiráðgjafarinnar og auk þess væri nauðsynlegt að verja hlut Ís-

lands í heildaraflanum úr þessum stofni. Jafnframt var lögð áhersla á að afar mikilvægt væri að ná samningi við Grænlandinga um stjórn veiðanna og skiptingu veiðiréttar. Ráðherra ákvað að aflamarkið skyldi vera 13 þúsund tonn.

Ráðherra ákvað að aflamark í kolastofnum, löngu og keilu skyldi fylgja ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar en útvegsmenn töldu rétt að heimila meiri afla. Í steinbít lagði Hafrannsóknastofnunin til að heimilt yrði að veiða 8500 tonn, útvegsmenn töldu að hæfilegur afli væri 10500 tonn og ráðherra ákvað að aflamarkið skyldi vera 12000 tonn.

Útvegsmenn lögðu sem fyrr til að aflamark í skötusel yrði 3000 tonn og að heimild ráðherra til að selja viðbótar veiðheimildir yrði ekki beitt.

Hafrannsóknastofnunin lagði til að aflamark í úthafsækju yrði 7 þúsund tonn. Ráðherra ákvað að gefa ekki út aflamark í úthafsækju. Útvegsmenn telja þá ákvörðun ólöglega og verður skorið úr málinu fyrir dómstólum.

Vegna sýkingar í íslensku sumargotssíldinni og óvissu um stofnstærðina var ekki unnt að gefa út aflamark. Í október 2010 var þó gefið út 15 þúsund tonna bráðabirgðaafamark og í kjölfarið hófst umfangsmikil leit og mæling sem var skipulögð í samstarfi útvegsmanna, sjómanna, Hafrannsóknastofnunarinnar og ráðuneytisins sem bundnar eru vonir við að skili þeim árangri að unnt verði að gefa út herra aflamark.

Varðandi norsk-íslenska síld og kolmunna var strandríkja-samningum um stjórn veiða úr þessum stofnum fylgt. Á fundi strandríkjanna nú í október var ákveðið að fylgja ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins hvað varðar aflamark í norsk-íslenskri síld, 988 þúsund tonn. Hlutdeild Íslands í heildaraflamarkinu á árinu 2011 er 143.359 tonn. Þetta er um þriðjung minna en heimilt var að veiða á árinu 2010. Aflamarkið var þá 1483 þús. tonn, þar af komu 215.183 tonn í hlut Íslands. Aflamark í kolmunna var skorið niður um rúmlega 90% frá samþykktum heildarkvóta ársins 2010. Á árinu 2011 verður heimilt að veiða alls 44.100 tonn af kolmunna, þar af fær Ísland 6.507 tonn í sinn hlut. Enn hefur ekki tekist að ná samkomulagi um veiðar úr úthafskarfastofnunum.

Í október 2009 gaf ráðherra út reglugerð sem heimilaði veiðar á 130 þúsund tonnum af makríl á árinu 2010. Í kjölfarið var ákveðið að skipta stórum hluta þessara aflaheimilda niður á skip. Þetta gerði það að verkum að ekki varð kapphlaup um

að ná aflanum, með tilheyrandi tilkostnaði og sóun, og því reyndist unnt að vinna stóran hluta aflans til manneldis og skapa þannig mun meiri verðmæti.

## LOÐNULEIT OG LOÐNUMÆLINGAR

Þrátt fyrir leit Hafrannsóknastofnunarinnar haustið 2009 fannst lítið af loðnu og því engar forsendur til þess að gefa út upphafskvóta. Loðnuleit hófst að nýju í byrjun janúar þegar Árni Friðriksson hélt til leitar. Útgerðarmenn leigðu einnig rannsóknarskipið Bjarna Sæmundsson til leitar.

Samkvæmt niðurstöðum úr mælingum í þessari leit, sem lauk um 20. janúar, var hrygningarstofn loðnu metinn 355 þúsund tonn sem ekki nægði til þess að gefa út upphafskvóta. Samkvæmt veiðireglu þarf að skilja eftir 400 þúsund tonn til hrygningar áður en aflamarki er úthlutað. Leit hélt áfram á Árna Friðrikssyni og jafnframt lögðu útgerðir til skip til vöktunar á miðunum.

Hafrannsóknastofnunin tilkynnti niðurstöður nýrra mælinga í lok janúar. Samkvæmt þeim var hrygningarstofninn 530 þúsund tonn. Í framhaldinu var gefinn út 130 þúsund tonna heildarkvóti en af honum komu 90 þúsund tonn í hlut Íslands. Samhliða veiðum var Árni Friðriksson áfram við leit með hléum ásamt nokkrum skipum, sem tímabundið tóku þátt í

leit. Upp úr miðjum febrúar var gefinn út 20 þúsund tonna viðbótarkvóti eftir að vart varð við loðnu sem kom upp úr Háfadýpi. Aukningin kom öll í hlut íslenskra skipa.

Stór hluti loðnukvótans var veiddur á þeim tíma er hrognafylling loðnunnar – og þar með verðmæti aflans – var mest.

## SÍLDARLEIT

Rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar á síldarstofninum haustið 2009 sýndu að minna var um síld en vonir stóðu til, m.a. vegna sýkingar sem upp kom í stofninum haustið áður.

Sjávarútvegsráðherra gaf í október út fimmtán þúsund tonna síldarkvóta með því skilyrði að leitað yrði að síld samhliða veiðum. Auk þess að uppfylla skyldur sínar í leitinni leigðu útgerðarmenn rannsóknarskipið Dröfn til leitar innan skerja í Breiðafirði. Árangur heildarleitarinnar leiddi til þess að gefinn var út 25 þúsund tonna viðbótarkvóti í lok október. Hafrannsóknarstofnunin hélt leit áfram í nóvember, en hún skilaði ekki viðbótarkvóta.

Snemma í janúar var svo 7.000 tonnum bætt við kvótann, m.a. til þess að fylgjast betur með ástandi stofnsins og annast sýnatöku. Í sumari var 5.000 tonnum bætt við vegna meðafla við makrílveiðar.



### 3. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF UM FISKVEIÐISTJÓRNUN

Ísland er aðili að alþjóðlegu samstarfi um stjórn fiskveiða. Íslensk stjórnvöld og LÍÚ hafa mótað þá skýru afstöðu að ákvarðanir um stjórn fiskveiða úr deilistofnum séu best komnar í höndum þeirra þjóða sem beinna hagsmuna hafa þar að gæta.

Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndin, NEAFC, er svæðisbundin fiskveiðistjórnunarstofnun sem stýrir stjórnun fiskveiða á NA-Atlantshafi. Landfræðilegt gildissvið samstarfsins nær til Norðaustur-Atlantshafs, Norður-Íshafs og Barentshafs.

Ísland er einnig aðili að Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnuninni, NAFO, og Atlantshafstúnfiskveiðiráðinu, ICCAT. Auk þátttöku í starfsemi fyrrgreindra samtaka er Ísland aðili að tvíhliða og fjölþjóðasamningum um stjórn veiða úr sameiginlegum stofnum svo sem loðnustofninum.

Fulltrúar LÍÚ taka virkan þátt í starfi Íslands á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana og á strandríkjafundum um deilistofna.

#### ÁRSFUNDUR NEAFC

Ársfundur NEAFC – Norðaustur Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar – var haldinn í Lundúnum um miðjan nóvember 2009. Á fundinum var m.a. fjallað um stjórn veiða á norsk-íslenska síldarstofninum, veiðar á kolmunna, veiðar á karfa í Síldar-smugunni og veiðar á úthafskarfa á Reykjaneshrygg.

Á fundinum var staðfestur samningur strandríkja um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og kolmunna-stofninum sem gerður var í október 2009. Einnig var gengið frá samningi um veiðar á karfa í Síldar-smugunni. Þar var aflamark lækkað milli ára úr 14.500 tonnum í 8.600 tonn. Ísland og Noregur sátu hjá við þá samþykkt enda hafa ríkin undanfarin ár stutt bann við veiðum í samræmi við ráðgjöf Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES).

Deila Noregs, Færeyja og Evrópusambandsins um stjórn makrílveiða var ekki tekin til afgreiðslu á fundinum. Á ársfundinum var enn ítrekuð sú staðreynd að Ísland væri strandríki að makrílum og skoraði Ísland á hin ríkin að viðurkenna það.

Vorið 2009 kom út skýrsla frá Alþjóða hafrannsóknaráðinu um stofngerð úthafskarfa. Var þar staðfest að tvo stofna er að finna á Reykjaneshrygg, efri og neðri stofn. Þessu hafa íslenskir fiskifræðingar ásamt erlendum vísindamönnum haldið fram um margra ára skeið. Rússnesk stjórnvöld mótmæltu niðurstöðu ráðsins og halda því fram að einungis sé

um einn stofn að ræða. Vorið 2009 hófust viðræður strandríkja við aðrar aðildarþjóðir NEAFC um úthafskarfa og haustið 2008 var einnig rætt við sendinefnd Rússlands um afstöðu þeirra í málinu.

Í ljósi mikilla veiða rússneskra skipa á Reykjaneshrygg var lögð áhersla á að ná fram málamiðlun fyrir árið 2010 til að koma í veg fyrir stjórnlausar veiðar á svæðinu á næstu vertíð. Samningurinn um stjórnun veiða fyrir árið 2010 byggðist að mestu á samþykkt þeirri sem gerð var fyrir árið 2009. Samþykktar voru reglur til að bæta bæði eftirlit með veiðunum og löndun afla en misbrestur hefur verið á að aflaskýrslur, einkum frá aðildarríkjum ESB, skili sér til NEAFC. Þá hefur íslenskum eftirlitsmönnum ekki verið heimilað að fylgjast með löndunum karfa úr skipum frá ESB þó ítrekað hafi verið eftir því leitað síðastliðið sumar. Nú þegar er veitt langt umfram ráðgjöf og því mikilvægt að hægt sé að fylgjast með afla skipa allra aðildarríkja NEAFC.

Samningurinn var samþykktur af öllum aðildarríkjum NEAFC utan ESB. Íslensk stjórnvöld voru langt frá því að vera sátt við að þurfa að samþykkja óbreytta stjórnun enda telja þau að fylgja beri vísindalegri ráðgjöf og aðskilja stjórn veiða úr efri og neðri stofni. Áfram verður unnið að því markmiði.

Sá mikilvægi árangur náðist að samþykkt var bann við brottkasti helstu fisktegunda á samningssvæði NEAFC. Því miður gátu ekki öll aðildarríki NEAFC stutt tillöguna.

#### FUNDAÐ MEÐ RÚSSUM UM SAMSTARF Í SJÁVARÚTVEGI

Tíundi fundur samstarfsnefndar Íslands og Rússlands um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegsmála var haldinn í Moskvu 19.-21. október 2009. Á fundinum voru rædd þau mál sem helst eru á döfinni varðandi samstarf landanna á vettvangi sjávarútvegsmála og fiskveiða.

Á fundinum skiptust fulltrúar landanna á upplýsingum um framkvæmd samningsins frá 15. maí 1999 milli ríkisstjórnar Íslands, Noregs og Rússlands um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs (Smugusamningur). Þannig var fjallað um samstarf á sviði veiðieftirlits, hafrannsóknna, um veiðistjórnun sameiginlegra stofna á Norður Atlantshafi m.a. úthafskarfa, kolmunna, norsk-íslenska síld og makríl. Á fundinum var sérstaklega rætt um mikilvægi þess að samkomulag náist um stjórnun úthafskarfaveiða. Af hálfu Íslands var lögð áhersla á að veiðistjórnun til framtíðar byggji á þeirri vísindalegu þekkingu og ráðgjöf sem fyrir liggur.

Alls komu 5.497 tonn af þorski, auk takmarkaðs meðafla, í hlut Íslands á grundvelli samnings ríkjanna tveggja á árinu 2010. Fjallað var um sölukvóta sem íslenskar útgerðir hafa rétt á að kaupa samkvæmt samningnum og nemur hann alls 2.061 tonnnum og er til frádráttar 5.497 tonnnum.

## **STRANDRÍKJASAMNINGAR UM STJÓRN SÍLD- OG KOLMUNNAVEIÐA ÁRIÐ 2010**

Á fundi strandríkja um stjórnun veiða úr kolmunnastofninum í Lundúnum í október 2009, náðist samkomulag um að heildaraflamarkið fyrir 2010 yrði 540.000 tonn. Ákvörðunin var samkvæmt ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknarráðsins (ICES) og þeirri langtíma stjórnunaráætlun sem ICES vann fyrir strandríkin og samþykkt var haustið 2008. Henni er ætlað að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til lengri tíma. Samkvæmt samkomulaginu var íslenskum skipum heimilt að veiða 87.625 tonn árið 2010.

Einnig var skrifað undir samning um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og er heildaraflamarkið 1.483.000 tonn árið 2010.

Samkvæmt samkomulaginu var íslenskum skipum heimilt að veiða 215.183 tonn árið 2010.

## **ÁRSFUNDUR NAFO 2010**

Ársfundur NAFO var haldinn dagana 20. - 24. september. Á fundinum var m.a. rætt um rækju á Stóra banka og Flæmingjagrunni. Kynnt var ný ráðgjöf fyrir rækjustofna á þessum svæðum. Ráðgjöfin fyrir Flæmingjagrunn var hin sama og árið áður, þ.e. engar veiðar. Á aukafundi haustið 2009 náðist ekki samstaða um að fylgja ráðgjöf en sóknardögum var fækkað um helming. Í ár var ráðgjöf fylgt og verða engar veiðar leyfðar á Flæmingjagrunni árið 2011.

Hvað varðar veiðar á Stóra banka hljóðaði ráðgjöf vísindamannanna upp á að sókn yrði ekki hærri en 14% nýtingarstuðull eða 17.000 tonn miðað við núverandi stofnstærð. Samkomulag náðist um 16% nýtingarstuðul með þeim fyrirvara að kvóti ársins 2012 gæti tekið breytingum enda hljóðar ráðgjöf vísindamannanna upp á eitt ár í senn og óljóst hver hún verður fyrir árið 2012.

Ólíkt því sem áður hefur tíðkast fór formaður vísindanefndar yfir ráðgjöf ICES á úthafskarfa og benti á að lagt hefði verið til veiðibann á efri stofninn. Töluverðar umræður urðu og var skráð í fundargerð að ef efni og ástæður þykja þá muni NAFO taka málið upp við NEAFC. Rússar fluttu að endingu venjubundna yfirlýsingu sína um stofngerð karfans í Irmingerhafi.

Bann við notkun botnveiðarfæra kringum neðansjávartinda, sem rennur út í árslok 2010, var framlengt til fjögurra ára með sólarlagsákvæði.

## **FUNDUR UM ÚTHAFSKARFA Á REYKJANESHRYGG**

Fyrir fundi strandríkja um úthafskarfa á Reykjaneshrygg í Lundúnum dagana 6. og 7. október 2010 lá ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknarráðsins (ICES) sem hljóðaði upp á 0 kvóta úr efri stofninum og 20.000 tonn úr neðri stofninum. Talið er að allur afli undanfarið hafi komið úr neðri stofninum. Ísland lagði þunga áherslu á mikilvægi þess að vernda neðri stofninn, sem talinn er hafa minnkað verulega á undanförunum árum, og að ekki verði lengur unað við slaka stjórnun á þessum veiðum.

Í viðræðum strandríkjanna – Íslands, Grænlands og Færeyja – í aðdraganda fundarins kom fram aukinn skilningur á mikilvægi þess að takmarka aflann og vernda stofninn. Auk strandríkjanna sátu Rússland og ESB fundinn í Lundúnum. Á fundinum náðist samstaða um að vinna að sameiginlegri tillögu strandríkjanna um stjórnun veiðanna sem lögð verði fyrir ársfund NEAFC í nóvember. Afstaða Rússa til málsins mun skýrast á næstu vikum en þeir hafa haft uppi efasemdir um skiptingu karfans í tvo stofna og nauðsyn verulegrar minnkunar afla.

## **FUNDIR STRANDRÍKJA UM VEIÐAR Á NORSK-ÍSLENSKRI SÍLD OG KOLMUNNA ÁRIÐ 2011**

Á fundi strandríkja um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, sem lauk í Lundúnum þann 21. október sl., náðist samkomulag um að heildarafli verði 988.000 tonn árið 2011 eins og lagt var til í ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknarráðsins (ICES). Þetta er um þriðjungi minna en heimilt var að veiða á árinu 2010. Samkvæmt samkomulaginu mega íslensk skip veiða 143.359 tonn á árinu 2011 en þau höfðu heimild til að veiða 215.183 tonn á þessu ári. Staða síldarstofnsins er góð og hann hefur verið nýttur á sjálfbæran hátt undanfarin ár.

Áður höfðu strandríkin skrifað undir samning um stjórnun veiða úr kolmunnastofninum og er heildaraflamark 44.100 tonn fyrir árið 2011. Þetta er gríðarlegur niðurskurður frá samþykktum kvóta þessa árs eða meira en 90%. Íslenskum skipum verður aðeins heimilt að veiða 6.507 tonn af kolmunna á árinu 2011 en á yfirstandandi ári var kvótinn 87.625 tonn. Ákvörðunin er samkvæmt ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknarráðsins og þeirri langtíma stjórnunaráætlun sem það vann fyrir strandríkin og samþykkt var haustið 2008 með það að markmiði að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til lengri tíma.

## **VIÐRÆÐUR UM STJÓRN MAKRÍKLVEIÐA ÁRSINS 2011**

Ekkert samkomulag náðist á fundi strandríkja í Lundúnum snemma í október um stjórn makrílveiða á næsta ári. Ísland sækir fundinn sem fullgilt strandríki. Bodað var til annars fundar um stjórn makrílveiðanna síðar í sama mánuði.

## 4. AUÐLINDAMÁL

### ENDURSKOÐUN LAGA UM STJÓRN FISKVEIÐA

Stærsta og mikilvægasta verkefni útvegsmanna hefur verið að berjast gegn illa ígrunduðum og óraunhæfum hugmyndum um upptöku og uppboð á aflaheimildum sjávarútvegsfyrirtækjanna samkvæmt svokallaðri fyrningarleið.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem fjallað er um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða kemur m.a. fram að löggin skuli endurskoðuð með það að markmiði að „leggja grunn að innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda á 20 ára tímabili í samræmi við stefnu beggja flokka.“ Þá segir: „Endurskoðunin mun verða unnin í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og miðað við að áætlun um innköllun og endurráðstöfun taki gildi í upphafi fiskveiðiárs 1. september 2010. Skipaður verði starfshópur er vinni að endurskoðuninni og kalli til samráðs hagsmunaaðila og sérfræðinga.“

Í kjölfarið ályktaði fjöldi útvegsmannafélaga og sveitarfélaga um allt land gegn fyrningarleiðinni. Þá voru haldnir kynningarfundir um sjávarútvegsfélaga víða um land í samstarfi ýmissa aðila þar sem rauði þráðurinn var að sýna fram á mikilvægi sjávarútvegsins og skaðleg áhrif fyrningarleiðarinnar á hann og þá sem á honum byggja.

Stjórn LÍÚ var einhuga um að ekki kæmi til greina að taka þátt í starfshópi sem hefði það hlutverk að útfæra upptöku aflaheimilda og var sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gerð grein fyrir því. Ráðherra var jafnframt kynnt niðurstaða endurskoðunarfyrtækisins Deloitte um áhrif fyrningarleiðarinnar á íslensk sjávarútvegsfyrtæki. Ráðherrann lýsti þeirri afstöðu sinni að ef þetta væri raunin yrði útvegsmönnum ekki skotaskuld úr því að sannfæra aðila í þeim starfshópi sem hann hugðist skipa um að fyrningarleiðin væri ófær – og ef það væri raunin þá myndi hann ekki standa fyrir henni. Hann hvatti LÍÚ til að taka þátt í starfi starfshópsins og lýsti því yfir að forystumenn samtakanna yrðu að treysta honum.

Með bréfi ráðherra frá 4. júní 2009 var LÍÚ boðið að tilnefna aðila í starfshópinn. Þar kemur fram að starfshópurinn skuli setja fram valkosti um leiðir til úrbóta þannig að sjávarútveginum verði sköpuð góð rekstrarskilyrði til langs tíma, en jafnframt að sátt náist um stjórn fiskveiða. Þar sem ljóst var að þessum markmiðum yrði ekki náð með fyrningarleiðinni og vegna orða ráðherra skipaði LÍÚ fulltrúa í starfshópinn.


Frá því að hugmyndir um fyrningu aflaheimilda voru settar fram hafa Samtök atvinnulífsins barist mjög einarðlega gegn

þeim við hlið útvegsmanna. Þann 25. júní 2009 var undirritaður svokallaður Stöðugleikasáttmáli milli ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, SSF, SA, ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Markmið sáttmálans var að stuðla að endurreisn íslensks efnahagslífs eftir bankahrunið. Samhliða gerð sáttmálans voru kjarasamningar á almenna markaðnum framlengdir. Stöðugleikasáttmálinn tók á fjölda málefna og af hálfu SA var viðhaldið „þeim fyrirvara gagnvart framlengingu kjarasamninga að vinna á vegum ríkisstjórnarinnar um endurskoðun fiskveiðistjórnunar verði í þeim sáttafarvegi sem lagt var upp með við skipan nefndar til þess að vinna að því máli.“

Í byrjun október 2009 var fyrsti fundur starfshópsins um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða haldinn og var strax ljóst að lítil eftirspurn var eftir fyrningarleiðinni.

### Skötuselsfrumvarpið

Þann 22. október 2009 kynnti ráðherra frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Þar var m.a. gert ráð fyrir



heimild honum til handa um að ákveða veiðar á skötusel allt að 2000 tonn á ári í tvö ár, til viðbótar við aflamark sem byggði á aflahlutdeild, sem ríkið seldi. Aflamark fiskveiðisársins 2009-2010 hafði verið ákveðið 2500 tonn samkvæmt veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar og því var heimild til ráðherrans að veiðar yrðu 80% umfram veiðiráðgjöfina.

Af hálfu útvegsmanna var þessum fyrirætlunum mótmælt kröftuglega enda um fyrningu á einni fisktegund að ræða. Ráðherra var gerð skýr grein fyrir því að ef þetta gengi eftir væri komið í bakið á útvegsmönnum. Frumvarpið markaði upphaf fyrningarleiðar og þar með væru brostnar forsendur fyrir þátttöku í starfshópi um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.

Ráðherra margtreakaði þá skoðun sína að skötuselsfrumvarpið hefði ekkert með fyrningu aflaheimilda að gera og að hér væri um tímabundna ráðstöfun að ræða vegna breyttrar útbreiðslu skötusels. Hann kvað málið vera algerlega sérstætt og það hefði ekkert fordæmisgildi.



Í tengslum við framlengingu kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum í lok október 2009 gáfu forsætis- og fjármálaráðherra út eftirfarandi yfirlýsingu um sjávarútvegsmál f.h. ríkisstjórnarinnar: „Ríkisstjórnin lýsir því yfir að engin breyting hefur orðið varðandi þann sáttafarveg sem endurskoðun fiskveiðistjórnunarinnar var sett í með skipun nefndar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í sumar þar sem forsenda nefndarstarfsins er að skapa sjávarútveginum góð rekstrarskilyrði til langs tíma.“

Þeim hafði þá verið gerð grein fyrir afstöðu útvegsmanna um að fyrning á einni fisktegund gæti ekki rúmast innan þess að málið væri í sáttafarvegi. Þrátt fyrir þetta samþykktu þingflokkar stjórnarflokkanna og ríkisstjórnin að leggja skötuselsfrumvarpið fram á Alþingi. Þegar svo var komið ákvað LÍÚ að fulltrúar samtakanna tækju ekki þátt í vinnu starfshópsins. Á næstu mánuðum áttu sér stað mikil samskipti LÍÚ og SA við stjórnvöld til að reyna að finna lausn á skötuselsmálinu. Þar á meðal var fundað með forsætisráðherra, fjármálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og formanni og varaformanni starfshópsins – en allt án árangurs.

### Stöðugleikasáttmáli í uppnámi

Þann 22. mars 2010 var skötuselsfrumvarpið samþykkt sem lög frá Alþingi. Þann sama dag samþykkti stjórn SA samhljóða að með aðgerðum sínum og aðgerðarleysi frá því að stöðugleikasáttmálinn var undirritaður hafi ríkisstjórnin vísað samtökunum frá sáttmálanum. Í yfirlýsingu frá samtökunum kom fram að traust milli SA og ríkisstjórnarinnar hafi brostið og að kornið sem fyllti mælinn hafi verið samþykkt skötuselsfrumvarpsins á Alþingi. Áður hafði forsætisráðherra verið gerð gein fyrir afleiðingum skötuselsmálsins á stöðugleikasáttmálanum.

Í viðræðum SA og ASÍ – og síðar með þeim aðilum sem stóðu að stöðugleikasáttmálanum – um hvernig áfram mætti vinna að endurreisn íslensks efnahagslífs eftir að stöðugleikasáttmálinn var fyrir bí, hélt SA því skilyrði skýrt fram að sjávarútvegsmálin yrðu að vera í ásættanlegum farvegi. Þess var farið á leit við SA að sjávarútvegsmálin yrðu leyst beint gagnvart ríkisstjórninni í stað þess að hafa þau á borði þessara aðila. SA fór þess á leit við forystu ríkisstjórnarinnar í apríl að fundað yrði sérstaklega um sjávarútvegsmálin.

Í júnímánuði var haldinn fundur forystumanna SA, LÍÚ og SF með formönnum stjórnarflokkanna og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Á þeim fundi var ákveðið að kanna hvort unnt væri að ná samkomulagi um sambærilega aðferðafræði varðandi stjórn fiskveiða og nefnd forsætisráðherra um fyrirkomulag á leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkissins hafði lagt til um þau málefni. Þar er lagt til að gerðir verði afnotasamningar til langs tíma við afnotahafa, að jafnaði til 40-50 ára með forgangsrétti til áframhaldandi afnota að uppfylltum samningsskilyrðum. Jafnframt var fundað sérstaklega með formanni og varaformanni starfshóps um endur-

skoðun laga um stjórn fiskveiða og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þar sem þessi málefni voru rædd. Þá höfðu sambærilegar hugmyndir þegar verið ræddar í starfs- hópnum.

### Starfshópur leggur til samningaleið

Í framhaldi af þessu tóku fulltrúar LÍÚ aftur þátt í störfum starfshópsins. Starfshópurinn skilaði skýrslu til ráðherra þann 6. september 2010. Niðurstaða mikils meirihluta starfs- hópsins var að leggja til að svokölluð samningaleið verði farin þar sem byggt verði á núverandi aflamarkskerfi en samning- ar gerðir um afnot núverandi handhafa aflaheimilda eins og nánar er lýst í skýrslunni.

Í bókun fulltrúa LÍÚ við skýrslu starfshópsins kemur fram af- staða samtakanna til málefnisins en þar segir:

„Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur þá skýru af- stöðu að byggja skuli fiskveiðistjórn á fyrirkomulagi fram- seljanlegra aflaheimilda (aflahlutdeild og aflamark) þar sem réttthafar aflaheimildanna hafa vel skilgreindan, varanlegan og tryggan rétt. Með því er best tryggt að rekinn sé sjálfbær og arðbær sjávarútvegur sem skilar þeim sem byggja á hon- um með beinum og óbeinum hætti og samfélaginu öllu mest- um arði. Það er ekki einungis að öruggt lagaumhverfi tryggi rekstur sjávarútvegsfyrirtækjanna heldur skiptir það sköpum að þeir sem nýta fiskistofnana hafi að leiðarljósi langtíma- markmið um uppbyggingu og viðgang þeirra. Þá er nauðsyn- legt að jafnræði sé haft í heiðri innan atvinnugreinarinnar. Mikilvægt er að missa ekki sjónar á þessum grundvallaratri- ðum við umfjöllun um fiskveiðistjórnun. Íslendingar hafa ekki einir séð mikilvægi þessara sjónarmiða heldur eru þau viðurkennd um allan heim.

Margir starfshópar hafa verið skipaðir á undanförunum ára- tugum til að fjalla um fiskveiðistjórnun. Óhætt er að segja að rauði þráðurinn í niðurstöðum þeirra sé í takti við það sem að ofan er lýst.

Við upphaf starfsins gerðum við grein fyrir því að markmið um góð rekstrarskilyrði til langs tíma og sátt um stjórn fisk- veiða nást ekki með upptöku og uppboði á aflaheimildum sjávarútvegsfyrirtækjanna. Þvert á móti leiðir það til þess að flest sjávarútvegsfyrirtæki verða gjaldþrota með tilheyrandi afleiðingum fyrir efnahagslíf okkar Íslendinga. Þau augljósu sannindi að ef tekjur fyrirtækjanna eru frá þeim teknar leiði til ófarnaðar voru studd skýrslu Deloitte um áhrif fyrningar- leiðar á íslenskan sjávarútveg og skýrðust enn betur eftir því sem starfi nefndarinnar vatt fram.

Strax í upphafi vinnu starfshópsins var ljóst að nefndarmenn voru meðvitaðir um þetta og því eru það vonbrigði að á loka- stigum vinnunnar skyldi formaður nefndarinnar láta vinna fyrir sig tillögur um útfærslu á fyrningarleiðinni svokölluðu sem nú var kölluð „tilboðsleið.“

Eins og rakið er í skýrslu starfshópsins þá hurfum við tíma- bundið frá störfum hans. Ástæða þess var sú að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lagði fram svokallað „skötusels- frumvarp.“ Í frumvarpinu var gert ráð fyrir heimild ráðherra til að ákveða veiði á skötusel til viðbótar útgefnu aflamarki sem nam allt að 80% umfram veiðiráðgjöf Hafrannsókn- stofnunarinnar. Með því var grafið undan starfi hópsins og forsendum fyrir þátttöku okkar. Eftir fundi okkar með for- sætisráðherra, fjármálaráðherra, sjávarútvegs- og landbún- aðarráðherra, formanni og varaformanni starfshópsins í sumar var ákveðið að láta reyna á nýja nálgun í starfi starfs- hópsins og tókum við þá á ný þátt í starfi hans. Fjarvera okkar úr starfshópnum markar aðkomu okkar að starfi hans og skýrslu þessari.

Sá háttur sem viðhafður er við ritun skýrslunnar að geta þess að meirihluti starfshópsins sé sammála um ákveðna hluti eða leggi þá til án þess að tilgreina um hverja er að ræða í einstökum tilvikum gerir skýrsluna ómarkvissari en ella væri. Mikilvægt er að hafa í huga að fjölmargir aðilar skipuðu full- trúa í starfshópinn til að sem flest sjónarmið fengju að koma fram, en ekki var valið í hann m.t.t. þess að þar myndaðist meiri- eða minnihluti sem réði afstöðu hópsins.

Starfshópurinn tók til umfjöllunar fjölmörg álitæfni. Í bókun sem þessari er ekki unnt að tilgreina hvaða tillögum hans við erum hlyntir eða mótfallnir og því munum við gera það á öðrum vettvangi. Við gerðum fjölmargar athugasemdir við efnis skýrslunnar sem ekki komust þar að. Við teljum rétt að gera hér grein fyrir nokkrum atriðum:

Í skýrslunni er vitnað til álits meirihluta Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Í því sambandi er rétt að taka fram að álit meirihluta nefndarinnar er ekki skuldbindandi fyrir Ís- land. Hæstiréttur Íslands sem hefur hið endanlega dómsvald hefur dæmt að lög um stjórn fiskveiða standist ákvæði stjórn- arskrárinnar um jafnræði og atvinnufrelsi. Dómar hans gengu eftir að mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar voru endur- skoðuð með hliðsjón af ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í skýrslu Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri (RHA) er ekkert fjallað um áhrif hugsanlegrar auk- innar gjalddöku af sjávarútvegsfyrirtækjunum á íslenskan sjávarútveg, þá sem á honum byggja eða samfélagið í heild. Varðandi gjalddöku af sjávarútveginum er einnig mikilvægt að hafa í huga að samkvæmt rannsókn Hagfræðistofnunar Há- skóla Íslands á sambandinu á milli auðlindagjalds og skatt- tekna hins opinbera eru verulegar líkur á því að aukin gjald- taka leiði til minni heildarskatttekna hins opinbera þegar fram í sækir.

Í skýrslu RHA er því haldið fram að hluti sjávarútvegsfyrir- tækja þoli fyrningarleiðina svokölluðu en þá er gert ráð fyrir því að þau hætti starfsemi, selji eignir og greiði skuldir. Það

er ekki markmið reksturs sjávarútvegsfyrirtækja frekar en annarra fyrirtækja að hætta starfsemi.

Varðandi hugmyndir um stjórnarskrárákvæði bendum við á að íslenska ríkið hefur í krafti fullveldisréttar síns allar heimildir sem það þarf til að setja lög og reglur um stjórn fiskveiða. Við teljum að hugtakið „þjóðareign“, sem ekki er til í lögfræðilegum skilningi, sé ómarkvisst og einungis til þess fallið að skapa rugling og réttaróvissu.

Í minnisblaði um „samningaleiðina“ er m.a. fjallað um að hluta aflaheimilda verði ráðstafað framhjá aflahlutdeild. Við teljum að í kynningu höfunda minnisblaðsins á efni þess hafi komið fram misskilningur á því hversu stórum hluta aflaheimilda hefur verið ráðstafað með þessum hætti á undanförunum árum. Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu var á bilinu 1,03% til 3,05% af heildarþorskígildum ráðstafað á þennan hátt á fiskveiðiárunum 2000/2001 – 2009/2010

Eins og fram kemur í skýrslu starfshópsins leggur allur starfshópurinn nema fulltrúi Borgarahreyfingarinnar og fulltrúi samtaka fiskvinnslu án útgerðar til að svokölluð samningaleið verði farin. Í þessu sambandi er rétt að minna á að réttur sjávarútvegsfyrirtækja til aflaheimilda sinna er varinn af ákvæðum 72. greinar stjórnarskrárinnar hvort sem um beinan eignarrétt eða atvinnurétt er að ræða. Breytingar á lögum eða stjórnarskrá verða ekki gerðar nema að gættum þessum rétti hvort sem hann er tilkominn með veiðireynslu innan eða utan lögsögu eða kaupum á aflahlutdeild. Þrátt fyrir að samningaleið kunní í einhverjum tilvikum að skerða núverandi rétt sjávarútvegsfyrirtækja leggjum við til að sú leið verði farin þar sem breið samstaða náðist um hana í starfshópnum. Forsendan er sú að með því verði sköpuð viðtæk sátt um fiskveiðistjórnina. Það er einnig forsenda af okkar hálfu, þar sem starfshópurinn gerir ekki tillögu um einstök efnisatriði samningaleiðarinnar, að ásættanleg niðurstaða náist í framhaldi af starfi starfshópsins um samningstíma, skýrleika á framlengingu samningstíma, hversu stórum hluta aflaheimila verður ráðstafað framhjá aflahlutdeild og önnur atriði sem skipta máli. Með vísan til framangreinds mun Landsamband íslenskra útvegsmanna áfram vinna með stjórnvöldum að útfærslu á samningaleiðinni.“

### Hugmyndir þvert á grundvöll aflamarkskerfisins

Ítrekaðar óskir til stjórnvalda um aðkomu að vinnu við útfærslu á samningaleiðinni og endurskoðun á öðrum þáttum varðandi stjórn fiskveiða eftir að starfshópurinn skilaði af sér hafa þegar þetta er ritað ekki borið árangur. Ráðherra hefur nýverið kynnt hugmyndir um aukningu veiða á fimm nytjastofnum þar sem farið verði á svig við aflamarkskerfið og veiðiheimildir seldar af ríkinu. Þær hugmyndir ganga þvert á grundvöll aflamarkskerfisins og hefur verið mótmælt kröftuglega. Sérstaklega hefur tenging við heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni í þessu samhengi verið óviðeigandi.

Ýmsar ákvarðanir ráðherra hafa gengið þvert gegn því sem hefur verið aðalsmerki íslensks sjávarútvegs á undanförunum áratugum. Í stað þess að vinna að því að treysta rekstrargrundvöll og starfsskilyrði sjávarútvegsfyrirtækjanna með almennum reglum sem byggja á jafnræði þegnanna hafa margar ákvarðanir verið fálmmkenndar og virðast miða að því að þóknast þeim sem hæst hafa hverju sinni. Dæmi um þetta eru ákvarðanir sem beinast gegn dragnótaveiðum og úthafs-rækjuveiðum. Mikil óvissa er um framvinduna en verkefni útvegsmanna er sem fyrr að koma í veg fyrir að óbætanlegt tjón verði unnið á íslenskum sjávarútvegi.



## 5. KJARAMÁL

### KJARASAMNINGAR LAUSIR

Gildistími kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna, sem var undirritaður í desember 2008, rennur út þann 1. janúar nk. Samningarnir taka annars vegar til Sjómannasambands Íslands, Alþýðusambands Vestfjarða, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og VM, félags vélstjóra og málm-tæknimanna og hins vegar Landssambands íslenskra útvegsmanna. Jafnframt rennur út þann 1. janúar nk. kjarasamningur við Sjómannafélag Íslands.

### ÚRSKURÐARNEFND

Frá síðasta aðalfundi í október 2009 hefur viðmiðunarverð á þorski sem ráðstafað er til eigin vinnslu eða til skyldra aðila breyst sex sinnum, fjórum sinnum til hækkunar og tvisvar til lækkunar. Verð var hækkað um 15% þann 2. nóvember 2009, hækkað um 5% 1. desember 2009, hækkað um 9% 1. febrúar sl., hækkað um 7% 1. apríl sl., lækkað um 5% 1. júlí og lækkað um 8% 5. október.

Verð á ýsu hefur breyst sjö sinnum; fimm sinnum til hækkunar og tvisvar til lækkunar. Verð hækkaði um 15% 2. nóvember 2009, hækkaði um 10% 1. desember, hækkaði um 5% 7.

janúar 2010 og hækkaði aftur um 10% þann 1. febrúar, hækkaði um 10% 1. apríl en lækkaði 1. júlí um 5% og lækkaði um 10% þann 6. október sl.

Verð á karfa hefur breyst þrisvar sinnum til hækkunar. Þann 2. nóvember 2009 hækkaði karfi um 10%, hækkaði aftur um 5% 1. desember og hækkaði um 5% 1. febrúar 2010.


Verð á óslægðum þorski hefur breyst sex sinnum, fjórum sinnum til hækkunar og tvisvar til lækkunar og verðið tók sömu verðbreytingum í prósentum og slægður þorskur.

Verð á óslægðri ýsu hefur breyst sjö sinnum; fimm sinnum til hækkunar og tvisvar til lækkunar. Verðið tók sömu verðbreytingum í prósentum og slægð ýsa.

Á árinu 2009 bárust engin úrskurðarmál til nefndarinnar og það sem af er árinu 2010 hafa engin mál borist nefndinni.

### OLÍUVERÐ OG SKIPTAVERÐMÆTISHLUTFALL

Olíuverð helst enn gríðarlega hátt í sögulegu samhengi. Það fór hæst á árinu 2008 og nam meðalverð gasolíu á því ári 895 USD. Meðalverð gasolíu lækkaði svo í 512,7 USD/tonn árið



Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun launakostnaðar og olíukostnaðar útgerðar frá 1986. Heimild: Þjóðhagsstofnun og Hagstofa Íslands og 2009 er áætlun LIÚ. Olíukostnaður er næst stærsti kostnaðarliður útgerðarinnar á eftir launum og launatengdum gjöldum.

2009 og það sem af er árinu 2010 er meðalverðið 645 USD/tonn og hefur því hækkað það sem af er ári um 26%.

Meðalverð á hrólúfati (Brent) var 97 USD/fatið árið 2008. Það lækkaði um þriðjung að meðaltali árið 2009 og var 62 USD/fatið. Eftir því sem liðið hefur á árið hefur olíuverð hækkað á ný og var olúfatið á um 75 USD og hefur þá verðið hækkað um 21% frá meðalverði síðasta árs.


Frá 1. janúar 2010 leggst kolefnisgjald/orkuskattur á olíu. Kolefnisgjald verður 2,90 kr. á hvern lítra af gas- og dísilolíu, 2,60 kr. á hvern lítra af bensíni, 2,70 kr. á hvern lítra af flugvéla- og þotueldsneyti og 3,60 kr á hvert kílógramm af brennsluolíu.

Olíuverðið hefur á ákveðnu verðbili áhrif á skiptahlut sjómanna. Þegar olíuverðið er komið yfir 274 dollara/tonnið hættir það að hafa áhrif á skiptahlut sjómanna og olíuverðs-hækkanir lenda því eingöngu á útgerðinni.


### VERÐPRÓUN Á GASOLÍU OG SVARTOLÍU MEÐALVERÐ USD/TONN

#### Á ERLENDUM MARKADI.

punktstaða september 2010




### ÞRÓUN VIÐMIÐUNARVERÐS GASOLÍU Á ERL. MARKADI Í ÍSK/LÍTRA OG ÚTSÓLUVERÐ Á GASOLÍU OG FLOTAOLÍU PR. ÍSK/LÍTRA TIL FISKISKIPA ÁN VSK t.o.m. september 2010



### MEÐALVERÐ Á GASOLÍU USD / TONN

eftir 01.01.09 gasolía 0.1 áður 0.2



## 6. SIGLINGAMÁL, SKIPATÆKNI OG ÖRYGGISMÁL

Eitt af helstu viðfangsefnum LÍÚ er að auka öryggi um borð í íslenskum fiskiskipum. Þetta hefur verið gert með því að stuðla að því að um borð í þeim sé fullkomnasti öryggisbúnaður sem fáanlegur er á hverjum tíma og vel þjálfað áhöfn sem getur tekist á við vandamál sem upp kunna að koma.

Á innlendum vettvangi á LÍÚ m.a. fulltrúa í Siglingaráði og í Verkefnisstjórn áætlunar í öryggismálum sjófarenda sem sett var á laggirnar árið 2000. Á erlendum vettvangi hefur LÍÚ tekið þátt í vinnuhópi á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) þar sem unnið er að alþjóðlegum reglum um smíði og búnað fiskiskipa og um menntun og þjálfun skipstjórnarmanna.

### SIGLINGARÁÐ

Siglingaráð er skipað skv. lögum um Siglingastofnun nr. 6/1996 og er ráðherra til ráðuneytis í málum um siglinga- og vitamál. Þrír ráðsmenn eru skipaðir af ráðherra án tilnefningar að loknum þingkosningum og skal einn vera formaður ráðsins, en átta samkvæmt tilnefningu til fjögurra ára. Skipunartími Siglingaráðs er frá 1. júlí 2009 til 30. júní 2013.


Á liðnu starfsári voru haldnir tveir fundir í Siglingaráði. Mikil ládeyða virðist um þessar mundir vera í störfum samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins, a.m.k. hvað varðar málefni siglinga.

Tillögur að framtíðarskipan samgöngustofnana voru kynntar ráðinu í janúar sl. Samkvæmt tillögnum er ætlun stjórnvalda að sameina í eina stofnun, Samgöngustofnun, allar þær ríkisstofnanir sem annast stjórnslu og eftirlit er lýtur að flug-, hafna-, siglinga-, umferðar-, og vegamálum. Gert er ráð fyrir að frumvarp til laga um Samgöngustofnun verði lagt fyrir yfirstandandi haustþing. Með tilkomu Samgöngustofnunar er ætlunin að leggja Siglingaráð niður.

### VERKEFNISSTJÓRN ÁÆTLUNAR Í ÖRYGGISMÁLUM SJÓFARENDNA

Þáverandi samgönguráðherra hafði á sinni ráðherratið frumkvæði að gerð langtíma áætlunar (til fimm ára í senn) um öryggismál sjófarenda. Skipaði hann sérstaka verkefnisstjórn til að annast verkið og er hún skipuð fulltrúum frá útgerð, stéttarfélögum, Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, Siglingastofnun Íslands og samgönguráðuneyti, en fulltrúi þess er jafnframt formaður.

Árlega var veitt umtalverðu fjármagni af fjárlögum til þessa verkefnis og verkefnisstjórnin beitti sér fyrir fjölmörgum verkefnum til eflingar öryggis sjófarenda. Mjög hefur fjarað undan starfi verkefnisstjórnarinnar. Hún er nú án formanns og hefur ekki komið saman til fundar frá því í byrjun árs 2009, en hefur ekki verið formlega aflögð svo vitað sé.



## 7. MÖNNUNARMÁL

### MÖNNUNARNEFND FISKISKIPA

Mönnunarnefnd er skipuð og starfar samkvæmt lögum nr. 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa. Mönnunarnefnd er heimilt að ákveða frávik frá ákvæðum þessara laga um fjölda skipstjórnarmanna, vélavárða og vélstjóra eftir því sem tilefni gefst til.

Nefndin er skipuð til 31. desember 2010 í samræmi við ákvæði laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, með síðari breytingum og laga nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavárða á íslenskum skipum, með síðari breytingum. Um mönnunarnefnd gildir reglugerð nr. 420/2003. Samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar skal nefndin skipuð til þriggja ára í senn

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu, eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna annars vegar og LÍÚ hins vegar. Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt. Samgönguráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Nánari reglur um skipan og starfhætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

Með lögum nr. 30/2007 er heimilt að skip styttri en 24 metrar að skráningarlangd séu án stýrimanns ef daglegur útivistartími er styttri en 14 klst. Það sama á við um vélavörð á skipum með aðalvél 750 kW og minni. Í báðum tilvikum þarf formlega heimild mönnunarnefndar til fækkunar. Flest erindin sem bærust nefndinni fjölluðu um erindi af þessum toga. Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir þau skip sem slíka heimild hafa fengið. Séu reglur um skilyrtan útivistartíma brotnar ber mönnunarnefnd að afturkalla heimildina.

### UNDANÞÁGUNEFND

Undanþágunefnd er skipuð og starfar samkvæmt 14. gr. laga nr. 30/2007. Í undantekningartilfellum og þegar menn með tilskilin réttindi vantar til starfa getur undanþágunefnd veitt tilteknum manni undanþágu til að gegna stöðu á tilteknu skipi í allt að sex mánuði hafi hann ekki tilskilin réttindi, enda telji hún að öryggi mannlífa, eigna eða umhverfis verði ekki stefnt í hættu og að viðkomandi sé hæfur til að annast starfið á öruggan hátt.



Undanþágu má aðeins veita þeim sem hefur skírteini til að gegna næstu lægri stöðu eða uppfyllir kröfur reglugerðar um undanþágu. Ef ekki er krafist skírteinis í næstu lægri stöðu má veita þeim undanþágu sem að mati undanþágunefndar hefur næga þekkingu og reynslu. Undanþágu má ekki veita til að gegna stöðu skipstjóra eða yfirvélstjóra nema í neyðartilvikum og þá aðeins í eins skamman tíma og unnt er.

Undanþágur veitir fimm manna nefnd skipuð af samgönguráðherra. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila, einn fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Félagi vélstjóra og málmæknimanna, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Nefndin er skipuð til 31. desember 2010, í samræmi við lög nr. 112/1984 með síðari breytingum um undanþágu frá atvinnuréttindum vélstjórnar- og skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Nefndin starfar samkvæmt starfsreglum fyrir undanþágunefnd nr. 417, dags. 21. maí 2003.

## 8. MENNTAMÁL

### TÆKNISKÓLINN, SKÓLI ATVINNULÍFSINS

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins tók til starfa 1. júlí 2008. Skólinn varð til við samruna Iðnskólans í Reykjavík og Fjölnis-tækniskóla Íslands. Rekstrarfélag Tækniskólans, Menntafélagið ehf., er í eigu aðila atvinnulífsins; Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka iðnaðarins, Samorku, Samtaka íslenskra kaupskipaútgerða og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík.

Í Tækniskólanum eru 11 undirskólar sem hver fyrir sig hefur sérstakan skólastjóra og faglegt sjálfstæði. Við hvern skólanna starfar fagráð þar sem saman koma fulltrúar atvinnurekenda, launþega og fagkennara í hverri grein. Með þessum hætti er leitast við að tryggja sem besta samvinnu atvinnulífs og skóla þannig að öflug tenging verði beint við atvinnulíf þeirra greina sem hver skóli sinnir.

Í samþykktum Tækniskólans ehf. segir m.a.: „Markmið félagsins er að veita menntun, fræðslu og þjálfun á sviði bók- og verkmennta og í starfstengdum greinum eftir því sem þarfir og hagsmunir atvinnulífs og fyrirtækja á þessum sviðum krefjast á hverjum tíma. Verkefni félagsins taka til reglulegrar menntunar og menntastarfsemi, rannsókna og þróunar, námskeiða, endur- og símenntunar, starfsþjálfunar og námssamninga í atvinnulífi og einnig til sérfræðilegra ráðgjafar- og þróunarverkefna.“

#### Iðn- og starfsmenntun skipi veglegan sess

Yfirlýst markmið með stofnun Tækniskólans er að móta öflugan iðn- og starfsmenntaskóla sem verði leiðandi í þróun, kennslu og þjónustu í iðn- og starfsmenntun og skili í senn nemendum verðmætri menntun og atvinnulífinu hæfu starfsfólki. Einnig er það markmið nýs skóla að gera iðn- og starfsmenntun eftirsóknarverða fyrir ungt fólk og skipa henni veglegan sess í samfélaginu og að efla ábyrgð og áhrif atvinnulífsins á þróun iðn- og starfsmenntunar.

Í dagskóla eru nemendur um 1900 og er Tækniskólinn stærsti framhaldsskóli landsins og er þar hægt að ljúka námi á yfir 40 námsbrautum. Mikil ásókn er í skólann og varð á síðasta hausti að vísa frá nokkur hundruð nemendum. Aukin aðsókn hefur verið í flesta skólana og er mjög góð aðsókn bæði í Vél-tækniskólann og Skipstjórnarskólann. Mikil gróska er í dreifnámi (blanda af stað- og fjarnámi) en vegna takmarkaðra fjárveitinga hefur skólinn orðið að setja fjöldatakmörkin við innritun. Eftirspurn eftir skipstjórnarnámi í dreifnámi hefur

margfaldast og hefur skólinn getað komið að mestu til móts við þá eftirspurn. Alls eru nemendur í dreifnámi um 300.

Skólar Tækniskólans eru: Byggingatækniskóli, Endurmenntunarskóli, Flugskóli, Fjölmenningskóli, Hársnyrtiskóli, Hönnunar- og handverksskóli, Raftækniskóli, Skipstjórnarskóli, Tæknimenntaskóli, Upplýsingatækniskóli og Vél-tækni-skóli.

### ALÞJÓÐASIGLINGAMÁLASTOFNUNIN (IMO)

Heildarendurskoðun alþjóðasamþykktarinnar um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna (STCW samþykktin) og viðauka hennar var staðfest í júní s.l. Með staðfestingu endurskoðaðrar samþykktar er tryggt að fyrir hendi sé alþjóðlegur staðall til að þjálfa og votta sjómenn til að stjórna tæknilega flóknum skipum í nánustu framtíð. Umbótunum, sem nefndar eru „Manilla umbæturnar á STCW samþykktinni og viðaukum hennar,“ er ætlað að taka gildi frá og með 1. janúar 2012. STCW samþykktin öðlaðist fyrst fullgildinguna 1978, hún var síðan endurskoðuð og uppfærð 1995. Það var á hinn bóginn ekki fyrr en um árið 2000 að farið var að ganga eftir því að henni væri framfylgt.

### VERKEFNISSTJÓRN LÍÚ OG HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Samningur á milli Háskólans á Akureyri og Landssambands íslenskra útvegsmanna um samstarf á sviði menntunar og rannsókna í sjávarútvegi er nú á lokaári. Samningurinn var undirritaður þann 18. desember 2007. Markmið hans er að styrkja forystuhlutverk HA á sviði menntunar og rannsókna í sjávarútvegi.

Í þessu verkefni hefur verið lögð áhersla á að fjölga nemendum sem leggja stund á nám í sjávarútvegsfræði, m.a. með því að endurskoða samsetningu námsins og styrkja ímynd þess. Sérstaklega hefur verið horft til viðhorfs og þarfa atvinnugreinarinnar. Þá hefur framlag og áhrif brautskráðra sjávarútvegsfræðinga sem starfa í greininni verið metin. LÍÚ hefur lagt fram 45 milljónir króna á samningstímanum til þess að gera HA kleift að uppfylla markmið samningsins.

Skipuð var verkefnastjórn til að hafa umsjón með framgangi samningsins. HA tilnefndi tvo fulltrúa, LÍÚ tilnefndi aðra tvo en fimmti fulltrúinn, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, er tilnefndur sameiginlega af HA og LÍÚ.

## SJÓMENNT

Starfsemi Sjómenntar var með óbreyttu sniði á síðasta starfsári. Veittir eru styrkir til félagsmanna aðildarfélaganna Sjómannasambands Íslands og til útgerða sem staðið hafa að námskeiðum fyrir undirmenn. Framlög í sjóðinn voru tryggð til ársloka 2007. Sjóðurinn átti handbært fé í lok árs 2009 samtals 42.500.434 krónur. Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins annast umsjón sjóðsins.

Nánari upplýsingar má fá á vefsíðu Sjómenntar [www.sjomennt.is](http://www.sjomennt.is)

## AVS RANNSÓKNASJÓÐUR

Í upphafi sjöunda starfsárs AVS sjóðsins var ljóst að ekki yrði um auknar fjárveitingar til sjóðsins og því nauðsynlegt að reyna að skerpa á fyrri áherslum um styttri og afmarkaðri verkefni. Það tókst ágætlega á árinu 2009 að fá umsækjendur til að skipuleggja styttri verkefni sem gætu unnist á 12-18 mánuðum. Þessi áhersla sjóðsins var því endurtekin á árinu 2010 og verkefni sem sett voru upp til skemmri tíma nutu að öllu jöfnu forgangs.

Þessi ákvörðun kemur sér vel núna þar sem allt bendir til að framlag til sjóðsins verði skorð umtalsvert niður á næsta ári, en vonandi verður engu að síður hægt að styrkja svipaðan fjölda nýrra verkefna og áður, þar sem færri framhaldsverkefni eru í gangi.

Á árinu 2010 hafði sjóðurinn til ráðstöfunar 305,8 m.kr., en auk þess var sjóðnum falið að sjá um umsóknir vegna sérstakrar fjárveitingar til rannsókna á eldi sjávardýra, en til þeirra verkefna var ráðstafað 19,1 m.kr. Heildarfjármögnun sjóðsins var um 30 m.kr minni 2010 miðað við árið á undan.

Fjöldi umsókna til stærri verkefna var um 130 og til viðbótar þeim bárust rúmlega 40 umsóknir í forverkefni eða smáverkefni. Svipað var sótt í sjóðinn og árið áður en töluvert minna var til ráðstöfunar að þessu sinni. Þessi mikli fjöldi umsókna gefur til kynna að sjóðurinn hefur stóru hlutverki að gegna og eins og undanfarin ár þá er um helmingur umsókna að fá jákvæða niðurstöðu sem þykir mjög gott í samanburði við aðra sjóði.

Síðastliðið vor fól ráðuneytið sjóðnum að sjá um að úthluta rúmlega 20 m.kr. til fyrirtækja sem væru tilbúin til að ráða nýtt starfsfólk til starfa síðastliðið sumar, og tókst með þess-

um hætti að koma 28 einstaklingum til starfa. Þessi úthlutun þótti takast með ágætum og fengu margir styrkþegar vel hæft fólk til að sinna áhugaverðum verkefnum.

Á undanförunum árum hefur AVS sjóðurinn stutt mikinn fjölda verkefna og lagt til fé til að vinna rannsóknir sem hafa skilað miklum verðmætum. Þar má t.d. nefna allmörg verkefni sem tengjast saltfiskvinnslu sem hafa leitt til töluverðar hagræðingar, bættra gæða og aukinnar nýtingar. Einnig hafa nokkur verkefni tengst kælingu og hafa þessi verkefni skilað umtalsverðri þekkingu sem m.a. hefur orðið til þess að í framleiðslu er kominn nýr frauðplastkassi sem viðheldur betur kælingu á ferskum flökum og lengir þar með geymsluþol. Þessi ný kassi gæti hugsanlega orðið til þess að meira verði hægt að flytja út með skipum en áður.

Sjóðurinn hefur einnig stutt allnokkur verkefni sem tengjast þróun og nýsköpun tækja til framleiðslu í sjávarútvegi og eru nú þegar nokkur tæki komin í framleiðslu, einnig tók sjóðurinn þátt í að flytja inn þekkingu og fyrirtæki sem nú framleiðir sjálfvirka plötufrysta hér á landi.

Umsóknir um markaðsverkefni hafa aukist jafnt og þétt, þar hafa verið mest áberandi verkefni sem tengjast markaðssetningu á bleikjuafurðum og nú nýverið studdi sjóðurinn gerð íslenskra sjónvarpsþátta um fisk. Þessir þættir hafa notið mikilla vinsælda og hafa haft merkjanleg áhrif á eftirspurn eftir fjölbreyttara fiskmeti en áður. AVS sjóðurinn styrkir einnig markaðssetningu á merkinu um ábyrgar fiskveiðar ásamt mörgum öðrum verkefnum.

Fiskeldisverkefnin hafa sömuleiðis verið mörg í gegnum tíðina og stærsta verkefnið hefur verið kynbætur í þorskeldi, en flest fiskeldisverkefnin hafa tengst þróun þorskeldis og bleikjueldis.

Líftækniverkefnin hafa verið nokkur, en eðlilega er oft lengra í að þau geti skilað verðmætum afurðum, en engu að síður þá hafa nokkur fyrirtæki þegar hafið markaðssetningu og sölu slíkra afurða.

Verkefni AVS sjóðsins eru mjög mörg og fjölbreytt og langflest unnin í nánú samstarfi við iðnaðinn eða að frumkvæði hans, en því miður er það svo að mörg áhugaverð verkefni komast ekki á laggirnar vegna takmarkaðs fjármagns sjóðsins. Mikilvægt er að AVS sjóðurinn hafi bolmagn í framtíðinni til að efla markaðssetningu og þróun verðmætra afurða sem geta skapað ný störf og verðmæti sem víðast á landinu.

## YFIRLIT YFIR STYRKVEITINGAR SJÓMENNTAR:

	2007	2008	2009	2010 til okt.	Alls:
Einstaklingsstyrkir, fjöldi	102	101	133	161	497
Upphæðir einstaklingsstyrkja	4.130.762	4.228.909	5.197.286	7.476.742	21.033.699
Fyrirtækja- og félagastyrkir	1.244.182	0	157.700	500.000	1.901.882
<b>Heildarupphæðir styrkja (einstakl. og fyrirtæki)</b>	<b>5.374.944</b>	<b>4.228.909</b>	<b>5.374.986</b>	<b>7.976.742</b>	<b>22.955.581</b>

## 9. UMHVERFISMÁL

### ENDURVINNSLA VEIÐARFÆRA ÚR GERVIEFNUM

Þann 31. ágúst 2005 gerði LÍÚ samning við stjórn Úrvinnslusjóðs um úrvinnslu úrgangs vegna veiðarfæra úr gerviefnum. Með samningnum skuldbundu samtökin sig til að starfrækja móttökustöð fyrir veiðarfæraúrgang úr gerviefnum og koma honum til endanlegrar úrvinnslu.

Samningurinn er gerður með hliðsjón af heimild fyrirtækja og atvinnugreina til að semja um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald með síðari breytingum. Veiðarfæri úr gerviefnum, sbr. viðauka XVII við lögina, eru því undanþegin álagningu úrvinnslugjalds, sem annars skyldi hefjast 1. september 2005.

Samkvæmt samningnum var stefnt að því að á árinu 2006 færi minnst 45% af veiðarfæraúrgangi sem fellur til á landsvísi í endurvinnslu, á árinu 2007 minnst 50% og á árinu 2008 færi minnst 60% í endurvinnslu. Markmið samtakanna með samningnum er eingöngu að nýta ofangreinda lagaheimild og leitast þannig við að halda í lágmarki þeim kostnaði sem fylgir förgun veiðarfæraúrgangsins.

Í júní 2009 var gerður samningur við P.M. Endurvinnslu í Gufunesi um að fyrirtækið annaðist móttöku og endurvinnslu alls endurvinnanlegs veiðarfæraúrgangs fyrir hönd LÍÚ.



### ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Lög um úrvinnslugjald nr. 162 voru samþykkt á Alþingi 22. desember árið 2002. Með þeim var Úrvinnslusjóður stofnaður en jafnframt felld úr gildi lög um spilliefnagjald og starfsemi Spilliefnanefndar en Úrvinnslusjóði fengin þau verkefni sem Spilliefnanefnd annaðist. Úrvinnslusjóður fer með umsjón úrvinnslugjalds. Í lögum um sjóðinn er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji nánari reglur um úrvinnslugjaldið og Úrvinnslusjóð. Það var gert þann 28. mars 2003 með reglugerð nr. 227/2003. Ný reglugerð nr. 501/2003 kom í hennar stað og tók hún gildi 30. júní 2003.

Á liðnu starfsári var haldinn 21 fundur í stjórn sjóðsins. Hlutverk hans er að sjá um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Hugmyndafræðin sem byggt er á er sú að vöruhringrásin sé eins lokuð og kostur er og að notkun hráefna og orku sé í lágmarki þannig að sem minnst falli út í formi úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar. Hráefni og orka til vöruframleiðslu eru takmarkaðar auðlindir sem ber að fara eins sparlega með og kostur er. Við öflun hráefna og orku er gengið á náttúruleg gæði og því er mikilvægt að endurvinnna eða endurnýta hlutina sem best.

Úrvinnslusjóður vinnur að því að sem minnst falli út úr vöruhringrásinni í formi úrgangs sem þarf að farga. Reynt er með hagrænum hvötum að stuðla að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu. Úrvinnslugjaldið er notað til að greiða fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum, flutning, endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun með eða án skilagjalds. Áskilið er að hver vöruflokkur sé fjárhagslega sjálfstæð eining. Þannig er gjald af t.d. kælimiðlum ekki notað til að greiða kostnað vegna hjólbarða eða öfugt. Samið er um verkþætti á grundvelli útboða eða verksamninga eftir því sem kostur er.

Í dag bera 17 vöruflokkar úrvinnslugjald og er megin verkefni stjórnarinnar að fylgjast með gangi mála fyrir sérhvern vöruflokk, stemma af gjaldtöku m.v. kostnað við söfnun, flutning, endurvinnslu eða eyðingu.



## 10. ÁBYRGAR FISKVEIÐAR

### ÍSLENSKA UPPRUNAMERKIÐ

Íslenska upprunamerkið (Iceland Responsible Fisheries) fór í deifingu í febrúar 2009. Merkið er markaðstæki fyrir fyrirtæki í virðiskeðju íslensks sjávarfangs og veitir tækifæri til að undirstrika íslenskan uppruna afurðanna og tengja við ábyrgar fiskveiðar Íslendinga. Merkinu hefur verið vel tekið og eru skráðir notendur, innlendir jafnt sem erlendir, nú yfir áttatíu talsins.

### Vottunarverkefnið

Áform um vottun óháðs aðila á ábyrgum fiskveiðum Íslendinga voru tilkynnt opinberlega í október 2008. Þorskveiðar innan 200 mílna efnahagslögsögunnar eru í vottunarferli. Áætlun útgáfu skírteinis sem staðfesting ábyrgra þorskveiða er í nóvember n.k. Í kjölfar vottunar þorskstofnsins geta aðilar

í virðiskeðjunni sótt um rétt á að nota vottun óháðs aðila í markaðslegum tilgangi.

Veiðar annarra mikilvægra fiskistofna á Íslandsmiðum munu fylgja í kjölfarið.

Vottunarfyrirtækið Global Trust Certification Ltd á Írlandi vinnur að vottuninni samkvæmt ströngustu alþjóðlegum kröfum.

Nánari upplýsingar eru á [www.responsiblefisheries.is](http://www.responsiblefisheries.is)



## 11. TRYGGINGAR

### SAMNINGAR VIÐ VÁTRYGGINGAFÉLÖGIN UM VÁTRYGGINGAIDGJÖLD FISKISKIPA ÁRIÐ 2010

Í desember 2009 var gengið frá samningum um húftryggingariðgjöld fiskiskipa við vátryggingafélögin fyrir árið 2010. Samið var við fjögur tryggingafélög um húftryggingar 165 fiskiskipa og hafði skipunum fjölgað um sex frá 2009. Vátryggingarverðmæti skipanna var 94 milljarðar króna. Heildarupphæð iðgjalds nam 1,1 milljarði króna eða um 1,18% af vátryggingarverðmæti flotans.

	Fjöldi skipa	Vátryggingafjárhæð þús. kr.
Samtals kr.:	165	93.997
Breyting frá fyrra ári:	+6	30,6%

### HÚFTRYGGINGAMAT FISKISKIPA

Eins og frá hefur verið greint í fyrri skýrslum þá hafa samtökin annast tryggingarmat á öllum þilfarsskipum frá 1. janúar 2001, alls á tólfða hundrað skipa. Á liðnu starfsári, líkt og undangengin ár, eru verkefni tengd þessum málaflokki þungamiðjan í starfsemi tæknideildar.

### INNHEIMTA VÁTRYGGINGAIDGJALDA 2009

Á árinu 2009 voru innheimtar til tryggingasjóðs LÍÚ 3.647,4 milljónir króna. Inngreiðslum var ráðstafað þannig að til


tryggingafélaga voru greiddar 680,6 milljónir króna. Heildarkröfur tryggingafélaganna námu 844,3 milljónum króna og var greiðsluhlutfall ársins því 80,6% en 79% árið 2008 og 81% árið 2007. Þá námu endurgreiðslur til eigenda sem luku greiðslum iðgjalda á árinu 2.966,7 milljónum króna.

Greitt tryggingafélögum:	Alls greitt:	Ógr. gjaldfallið
Samtals kr.	680.628.597,-	163.626.950,-

Geta má þess að í dálkinn „Ógreitt gjaldfallið“ hafa verið tví-færðar kröfur í nokkrum tilfellum þar sem um eigendaskipti hefur verið að ræða á árinu 2009. Einnig eru þar kröfur vegna skipa sem hafa verið frá veiðum og kröfur sem hafa verið felldar niður seinni hluta ársins vegna sölu eða úreldingar skipa.

### SLYSATRYGGINGAR SJÓMANNA

Á skýringarmyndinni hér að neðan, sem er byggð á upplýsingum frá tryggingafélagunum má sjá þróun iðgjalda, greidd tjón, áætluð ógreidd tjón og mismunur á milli iðgjalda og greiddra og áætlaðra tjóna vegna slysatryggingar sjómanna. Eins og sjá má hefur orðið mikil breyting á þeirri þróun sem var viðvarandi, þ.e. að tjónagreiðslur umfram iðgjöld voru miklar á hverju ári. Iðgjöld hafa hækkað en mest er um vert að tjónum hefur fækkað.



## 12. AFLAHEIMILDIR

### AFLAHEIMILDIR OG BRÁÐABIRGÐATÖLUR YFIR AFLA HJÁ AFLAMARKSSKIPUM OG KRÓKAAFLAMARKSBÁTUM Á FISKVEIÐIÁRINU 2009-2010

Aflatölur eru bráðabirgðatölur frá Fiskistofu 1. október 2010. Allar tölur eru í tonnum og miðast við slægðan fisk nema karfi er óslægður.

	ÞORSKUR	ÝSA	UFSI	KARFI	LANGA	KEILA	STEINBÍTUR
Úthlutun til aflamarks	120.020	50.163	40.163	49.991	5.571	4.923	9.797
Bætur og aðrar úthlutanir	5.438	2.694	1.988	5	13	3	462
Milli ára	6.398	10.850	6.378	116	287	185	1.115
Óskýrt aflamark	312	87	620	0	29	27	48
<b>Aflaheimildir alls</b>	<b>132.168</b>	<b>63.794</b>	<b>49.149</b>	<b>50.112</b>	<b>5.900</b>	<b>5.138</b>	<b>11.422</b>
Afli aflamarksskipa og krókabáta	140.235	57.671	51.568	54.214	7.838	6.376	11.818
* Hafró afli utan kvóta	2.715	86	66	171	137	101	65
Undirmál utan kvóta	1.059	708	10	191	0	0	0
** Annar afli utan aflamarks	4.167	792	1.117	182	6	7	23
Línuvinnun	1.771	1.310	0	0	0	0	567
<b>Afli til kvóta</b>	<b>130.523</b>	<b>54.775</b>	<b>47.105</b>	<b>53.670</b>	<b>7.695</b>	<b>6.268</b>	<b>11.163</b>
Staða fyrir tegundatilfærslu	1.645	9.019	2.044	-3.548	-1.795	-1.130	259
Tegundatilfærsla	-40	-4.772	872	4.304	1.881	1.198	142
Ný staða	1.605	4.247	2.916	756	86	68	401
Kvóti færður á næsta ár	1.655	4.218	1.787	708	84	51	394
Umframafli	86	6	2	1	6	2	5
Ónotaður kvóti	36	35	1.131	49	8	19	12

	SKÖTUSELUR	GRÁLÚÐA	SKARKOLI	ÞYKKVALÚRA	LANGLÚRA	SANDKOLI	SKRÁPFLÚRA	ÞORSKÍG.
Úthlutun til aflamarks	2.250	11.040	5.980	2.024	2.024	920	920	253.608
Bætur og aðrar úthlutanir	346	11	128	1	0	1	2	9.491
Milli ára	175	1.719	378	93	277	74	110	23.085
<b>Aflaheimildir alls</b>	<b>2.771</b>	<b>12.770</b>	<b>6.486</b>	<b>2.118</b>	<b>2.301</b>	<b>995</b>	<b>1.032</b>	<b>39.518</b>
Afli aflamarksskipa alls	2.916	12.969	5.925	1.824	1.189	661	196	285.729
* Hafró afli utan kvóta	40	0	38	6	13	2	0	257.027
Undirmál utan kvóta	0	0	0	0	0	0	0	3.066
** Annar afli utan aflamarks	11	19	10	0	0	135	77	1.844
Línuvinnun	0	0	0	0	0	0	0	5.449
<b>Afli til kvóta</b>	<b>2.865</b>	<b>12.950</b>	<b>5.877</b>	<b>1.818</b>	<b>1.176</b>	<b>524</b>	<b>119</b>	<b>40.517</b>
Staða fyrir tegundatilfærslu	-94	-180	609	300	1.125	471	913	243.341
Tegundatilfærsla	200	222	-423	-233	-986	-421	-844	5.408
Ný staða	106	41	184	67	139	50	69	1.427
Kvóti færður á næsta ár	107	41	182	64	111	45	51	7.640
Umframafli	1	0	1	0	0	0	0	6.510
Ónotaður kvóti	0	0	3	3	28	5	18	130

Hámarks geymsluréttur er 10% nema í ýsu 15% og hámarks umframflaréttur er 5%, miðað við úthlutað aflamark.

\* Andvirði afla rennur til Hafró að frádrögnum hafnargjöldum, kostnaði við uppboð og 20% hlutar til útgerðar og áhafnar.

\*\* Afli utan aflamarks, s.s. sandkóla- og skrápflúrafli norðan viðmiðunarlínu og rannsóknaskipa.

Allar tölur í tonnum. Miðað er við slitinn humar.

	SÍLD	LOÐNA	HUMAR	ÚTH.RÆKJA	INNFIJ.RÆKJA	SKÖTUS. 2	ÞORSKÍG.
Úthlutaðar aflaheimildir	52.011	109.805	677	7.000	250	0	26.959
Færslur milli ára	127	0	108	1.799	3	0	1.605
Bætur og aðrar úthlutanir	7	0	2	1	8	452	762
<b>Aflaheimildir alls</b>	<b>52.145</b>	<b>109.805</b>	<b>787</b>	<b>8.800</b>	<b>261</b>	<b>452</b>	<b>29.326</b>
Afli til kvóta	48.316	110.061	723	7.141	264	348	27.430
Ný staða	3.829	-256	64	1.659	-3	104	1.895
Kvóti færður yfir á næsta ár	3.831	0	62	517	3	26	1.107
Umframaflí	2	256	0	0	0	2	34
Ónotaður kvóti	0	0	2	1.142	0	80	827

Hámarks geymsluréttur í síld og úthafsækju er 10%, humar 15% og 5% í innfjarðarrækju.

Hámarks umframsaflí í síld, humar og úthafsækju er 5%, en 3% í skel og innfjarðarrækju.

## AFLAHEIMILDIR OG BRÁÐABIRGÐATÖLUR YFIR BOTNFISKAFLA HJÁ AFLAMARKSSKIPUM Á FISKVEIÐIÁRINU 2009-2010

Aflatölur eru bráðabirgðatölur frá Fiskistofu 1. október 2010. Allar tölur eru í tonnum og miðast við slægðan fisk nema karfi er óslægður.

	ÞORSKUR	ÝSA	UFSI	KARFI	LANGA	KEILA	STEINBITUR	SKÖTUSELUR
Úthlutun til aflamarks	99.172	42.635	37.755	49.703	4.959	4.288	6.052	2.250
Bætur og aðrar úthlutanir	3.919	1.666	1.244	5	13	3	293	258
Milli ára	4.460	8.930	5.639	62	219	124	794	175
Aflamark fært milli útgerðarflokka	-177	-2.261	-9	-8	-75	-20	-376	-7
<b>Aflaheimildir alls</b>	<b>107.374</b>	<b>50.970</b>	<b>44.629</b>	<b>49.762</b>	<b>5.116</b>	<b>4.395</b>	<b>6.763</b>	<b>2.676</b>
<b>Afli til kvóta</b>	<b>106.785</b>	<b>42.559</b>	<b>45.156</b>	<b>53.342</b>	<b>6.644</b>	<b>5.408</b>	<b>6.415</b>	<b>2.761</b>

Staða fyrir tegundatilfærslu	588	8.412	-528	-3.580	-1.528	-1.013	348	-85
Tegundatilfærsla	-22	-4.965	2.067	4.271	1.595	1.036	-162	192
Ný staða	566	3.447	1.539	691	66	24	186	107
Kvóti færður á næsta ár	648	3.444	1.515	689	72	23	189	107
Umframaflí	83	6	2	1	6	2	5	1
Ónotaður kvóti	1	9	26	3	0	3	2	1

	GRÁLÚÐA	SKARKOLI	ÞYKKVALÚRA	LANGLÚRA	SANDKOLI	SKRÁPFLÚRA	SKÖTUS. 2	ÞORSKÍG.
Úthlutun til aflamarks	11.040	5.980	2.024	2.024	920	920	0	222.495
Bætur og aðrar úthlutanir	0	9	1	0	0	0	367	7.052
Milli ára	1.719	378	93	277	74	110	0	19.010
Milli útgerðaflokka	0	-11	0	0	0	1	0	-2.235
<b>Aflaheimildir alls</b>	<b>12.759</b>	<b>6.356</b>	<b>2.118</b>	<b>2.301</b>	<b>994</b>	<b>1.031</b>	<b>367</b>	<b>246.322</b>
<b>Afli til kvóta</b>	<b>12.939</b>	<b>5.737</b>	<b>1.818</b>	<b>1.176</b>	<b>522</b>	<b>17</b>	<b>292</b>	<b>241.033</b>

Staða fyrir tegundatilfærslu	-181	619	300	1.125	472	913	75	5.253
Tegundatilfærsla	222	-435	-233	-986	-421	-844	0	1
Ný staða	41	184	67	51	51	69	75	5.200
Kvóti færður á næsta ár	41	182	64	45	45	51	22	5.168
Umframaflí	0	0	0	0	0	0	2	101
Ónotaður kvóti	0	2	3	6	6	18	55	134

## AFLAHEIMILDIR OG BRÁÐABIRGÐATÖLUR YFIR BOTNFISKAFLA HJÁ KRÓKAAFLAMARKSBÁTUM Á FISKVEIÐIÁRINU 2009-2010

Aflatölur eru bráðabirgðatölur frá Fiskistofu 1. október 2010. Allar tölur eru í tonnum og miðast við slægðan fisk nema karfi er óslægður.

	ÞORSKUR	ÝSA	UFSI	KARFI	LANGA	KEILA	STEINBÍTUR	SKÖTUSELUR
Úthlutun til aflamarks	20.848	7.529	2.864	288	611	635	3.745	0
Bætur og aðrar úthlutanir	1.519	1.028	744	0	0	0	169	87
Milli ára	1.938	1.920	739	54	68	61	320	0
Milli útgerðaflokka	489	2.347	173	17	105	47	425	8
<b>Aflaheimildir alls</b>	<b>24.794</b>	<b>12.824</b>	<b>4.520</b>	<b>359</b>	<b>784</b>	<b>743</b>	<b>4.659</b>	<b>95</b>
<b>Afli til kvóta</b>	<b>23.737</b>	<b>12.217</b>	<b>1.948</b>	<b>327</b>	<b>1.051</b>	<b>860</b>	<b>4.748</b>	<b>104</b>
Staða fyrir tegundatilfærslu	1.057	607	2.572	32	-267	-117	-89	-9
Tegundatilfærsla	-18	193	-1.194	33	286	162	304	8
Ný staða	1.039	800	1.378	65	19	45	215	-1
Kvóti færður á næsta ár	1.008	774	272	19	12	28	205	0
Umframafli	3	0	0	0	0	0	0	0
Ónotaður kvóti	34	26	1.106	46	7	17	10	0

	GRÁLÚÐA	SKARKOLI	ÞYKKVALÚRA	LANGLÚRA	SANDKOLI	SKRÁPFLÚRA	SKÖTUS. 2	ÞORSKÍG.
Úthlutun til aflamarks	0	0	0	0	0	0	0	31.336
Bætur og aðrar úthlutanir	11	120	0	0	1	1	85	3.183
Milli ára	0	0	0	0	0	0	0	4.075
Milli útgerðaflokka	0	7	0	0	0	0	0	2.756
<b>Aflaheimildir alls</b>	<b>11</b>	<b>127</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>85</b>	<b>41.350</b>
<b>Afli til kvóta</b>	<b>11</b>	<b>140</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>38.673</b>
Staða fyrir tegundatilfærslu	0	-13	0	0	0	0	56	2.631
Tegundatilfærsla	0	13	0	0	0	0	0	0
Ný staða	0	0	0	0	0	0	29	2.586
Kvóti færður á næsta ár	0	0	0	0	0	0	4	1.909
Umframafli	0	0	0	0	0	0	0	3
Ónotaður kvóti	0	0	0	0	0	0	25	682

## ÚTHAFSHEIMILDIR OG AFLI HJÁ AFLAMARKSSKIPUM Á ÁRINU 2009

Aflatölur í tonnum frá Fiskistofu 1. október 2010. Þorskur slægður, en annað er óslægt.

	ÚK.UTAN	KOLMUNNI	NÍ-SÍLD	*RÉTTUR Í NORSKRILÖGS	FL. RÆKJA
Endanleg úthlutun	0	95.740	194.040	44.362	13.500
Bætur	0	1	145		0
Milli ára	1	20.245	12.029	0	0
Aflamark alls	1	115.986	206.214	44.362	13.500
Afli til kvóta	0	120.200	223.941	36.226	0
Staða	1	-4.214	-17.727	8.136	0
Tilfærsla á NÍ-Síld			8.116	-8.116	
Kvóti færður á næsta ár	1	-4.218	-9.611	0	0
Umframafli	0	0	0	0	0
Ónotaður kvóti	0	4	0	20	13.500

	NL ÞORSK	RL ÞORSK	ÚK.INNAN	FL.RÆKJA 3L	ÞORSKÍG.
Endanleg úthlutun	4.000	2.489	14.758	0	45.681
Bætur					13
Leiga	0	0	0	0	0
Milli ára	0	2	408	0	2.464
Aflamark alls	4.000	2.489	15.166	0	48.158
Afli til kvóta	4.002	2.484	15.529	0	43.481
Staða	-2	5	-363	0	4.678
Kvóti færður á næsta ár		0	-363	0	-1.267
Umframafli	2	0	0	0	2
Ónotaður kvóti		5	0	0	5.947

\* Heildarúthlutun í norsk-íslenski síld árið 2009 var 238.482 tonn, þar af var heimild Íslands til veiða í norskri lögssögu 44.362 tonn.

## 13. KVÓTAMIÐLUN LIÚ

### YFIRLIT YFIR FRAMBOÐ, EFTIRSPURN OG VERÐ Á AFLAMARKI FISKVEIÐIÁRIÐ 2009/2010

Ekki þarf að fara mörgum orðum um viðskipti með aflamark fiskveiðiárið 2009-2010. Vegna niðurskurðar á aflaheimildum á milli fiskveiðára varð mjög lítið um framboð á aflamarki.

Hér koma nokkrar staðreyndir um hvað niðurskurðurinn var mikill í slægðum tonnnum eftir að pottar hafa verið dregnir frá hjá skipum sem eru í aflamarki. Þorskur fór t.d. úr 106 þús. í 99 þús. tonn, ýsa fór úr 63 þús. í 43 þús. tonn, ufsi úr 49 þús. í 38 þús. tonn og grálúða úr 14 þús. í 11 þús. tonn. Vegna skorts á aflamarki hjá öllum margfaldaðist verðið á flestum tegundum milli fiskveiðára og þeir sem létu frá sér heimildir vildu fá aðrar tegundir á móti.

#### Þorskur

Strax í upphafi fiskveiðiárs var mikil eftirspurn eftir þorski og þar sem sáralítið framboð var á þorski myndaðist mikil spenna. Verð á þorski byrjaði í 250 kr/kg og hækkaði síðan jafnt og þétt. Í mars var það komið í 280-285 kr/kg og hélst það verð út fiskveiðárið. Mest var um leigu á þorski í upphafi fiskveiðiárs en síðan var aðallega um að ræða skipti á þorski fyrir aðrar tegundir. Meðalverð á aflamarki í þorski hækkaði úr 181 kr/kg í 274 kr/kg á milli fiskveiðára.

#### Ýsa

Ekki var mikið um framboð á ýsu í upphafi fiskveiðiárs en mjög mikil eftirspurn. Verð á aflamarki á ýsu byrjaði í 100 kr/kg en fór mjög fljótlega upp í 160 kr/kg og í desember var verðið komið í 190 kr/kg. Í apríl var það í 180 kr/kg en fór svo ört lækkandi á ný; 150 kr/kg í júní og 120 kr/kg í byrjun ágúst og hélst þannig út fiskveiðárið.

Mest var leigt af ýsu í upphafi fiskveiðiárs en síðan dró mjög úr framboði. Helst var hægt að fá ýsu í skiptum fyrir aðrar tegundir. Þó var aðeins um leigu í byrjun ágúst, þar sem sumir héldu að ekki næðist að veiða eða koma allri ýsu sem eftir var í geymslu. Meðalverð á aflamarki í ýsu hækkaði úr 45 kr/kg í 174 kr/kg á milli fiskveiðára.

#### Ufsi

Mjög mikil eftirspurn var eftir ufsa í byrjun fiskveiðiárs, enda gott verð á ufsa. Framboð var þó ekki mikið í upphafi en tók aðeins við sér eftir að verðið var komið í 70 kr/kg. Það verð hélst fram í janúar þegar það hækkaði enn meira eða í 110-120 kr/kg og hélst á því róli allt til loka fiskveiðiárs. Frekar lítið magn var leigt af ufsa á fiskveiðárinu, helst var hægt að fá ufsa í skiptum fyrir aðrar tegundir. Meðalverð á aflamarki í ufsa hækkaði úr 16 kr/kg í 90 kr/kg á milli fiskveiðára.



## Karfi

Sáralítið framboð var á karfa allt fiskveiðiárið og mjög lítið var um leigu. Helst var hægt að fá karfa í skiptum fyrir aðrar tegundir. Verðið byrjaði í 50-60 kr/kg en hækkaði fljótlega. Í nóvember var það komið í 120 kr/kg og hélst það verð út fiskveiðiárið. Meðalverð á aflamarki á karfa hækkaði úr 27 kr/kg í 89 kr/kg á milli fiskveiðiaára.

## Langa

Nánast ekkert framboð var á löngu allt fiskveiðiárið. Helst var hægt að fá löngu í upphafi fiskveiðiárs í skiptum fyrir aðrar tegundir. Verðið byrjaði í 60 kr/kg en fór fljótlega í rúmar 100 kr/kg. Meðalverð á aflamarki í löngu hækkaði úr 47 kr/kg í 72 kr/kg á milli fiskveiðiaára.

## Keila

Nánast ekkert framboð var á keilu allt fiskveiðiárið. Helst var hægt að fá keilu í upphafi fiskveiðiárs í skiptum fyrir aðrar tegundir. Verðið byrjaði í 40 kr/kg en fór fljótlega í 60 kr/kg. Meðalverð á aflamarki í keilu hækkaði úr 26 kr/kg í 40 kr/kg milli fiskveiðiaára.

## Steinbítur

Eins og undanfarin fiskveiðiár var mest eftirspurn eftir steinbít í upphafi fiskveiðiárs. Verðið byrjaði í 150 kr/kg en fór fljótlega í 165 kr/kg og síðan í 185 kr/kg. Frekar lítið magn var leigt, mest var um skipti. Meðalverð á aflamarki í steinbít hækkaði úr 85 kr/kg í 165 kr/kg á milli fiskveiðiaára.

## Skötuselur

Mjög mikil eftirspurn var eftir skötusel strax í upphafi fiskveiðiárs, en nánast ekkert framboð var allt fiskveiðiárið nema í skiptum fyrir aðrar tegundir. Mikið var um jöfn skipti til að byrja með þá helst á þorski og skötusel. Verðið byrjaði í 270 kr/kg en var komið í 320-330 kr/kg í febrúar. Meðalverð á aflamarki í skötusel hækkaði úr 124 kr/kg í 289 kr/kg á milli fiskveiðiaára.

## Grálúða

Mjög lítið var um leigu á grálúðu á fiskveiðiarinu, nánast öll grálúða sem fór á milli skipa var í skiptum fyrir aðrar tegundir. Verðið byrjaði í 200 kr/kg en hækkaði jafnt og þétt allt fiskveiðiárið og fór hæst í 280 kr/kg. Meðalverð á aflamarki í grálúðu hækkaði úr 52 kr/kg í 217 kr/kg á milli fiskveiðiaára.

## GANGVERÐ Á AFLAMARKI EFTIR MÁNUÐUM FRÁ 1. SEPTEMBER 2009 TIL 31. ÁGÚST 2010

	SEPT	OKT	NÓV	DES	JAN	FEB	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	ÁGÚST
	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg
Þorskur	265,00	270,00	274,00	273,00	278,00	275,00	287,00	281,00	285,00	284,00	284,00	285,00
Ýsa	125,00	180,00	190,00	186,00	190,00	190,00	190,00	180,00	180,00	165,00	150,00	122,00
Ufsi	70,00	70,00	85,00	90,00	95,00	100,00	117,00	116,00	117,00	120,00	105,00	96,00
Karfi	70,00	96,00	120,00	120,00	120,00	120,00	120,00	120,00	120,00	125,00	120,00	120,00
Langa	60,00	70,00	90,00	90,00	96,00	105,00	105,00	107,00	109,00	110,00	110,00	105,00
Keila	40,00	40,00	40,00	45,00	50,00	55,00	60,00	60,00	60,00	60,00	60,00	55,00
Steinbítur	150,00	160,00	165,00	190,00	190,00	190,00	188,00	185,00	183,00	183,00	175,00	135,00
Skötuselur	270,00	292,00	310,00	320,00	320,00	320,00	320,00	330,00	330,00	318,00	320,00	320,00
Grálúða	190,00	200,00	210,00	210,00	215,00	220,00	220,00	220,00	230,00	250,00	270,00	280,00
Skarkoli	110,00	115,00	120,00	120,00	120,00	123,00	125,00	135,00	135,00	140,00	130,00	125,00
Þykkvalúra	150,00	150,00	140,00	140,00	145,00	150,00	160,00	162,00	162,00	165,00	165,00	165,00
Langlúra	45,00	45,00	45,00	50,00	55,00	55,00	70,00	80,00	85,00	88,00	88,00	88,00
Sandkoli	28,00	28,00	30,00	33,00	33,00	35,00	35,00	35,00	16,00	38,00	38,00	38,00
Skrápflúra	30,00	30,00	30,00	35,00	40,00	40,00	40,00	45,00	15,00	49,00	49,00	49,00
Humar	1100,00	1100,00					1325,00	1400,00	1400,00			
Úthafsækja	6,00	6,00	6,00	8,00	8,00	10,00	10,00	10,00	10,00	10,00	10,00	10,00

## GANGVERÐ Á TEGUNDUM ÞAR SEM VEIÐITÁMABILIÐ ER ANNAÐ EN FISKVEIÐIÁRIÐ.

Síld 2009-2010	Sáralítið um viðskipti enda flestir að veiða það sem þeir eiga sjálfir.
Loðna 2009-2010	Ekkert um viðskipti á loðna enda lítil úthlutun, aðeins 110 þús tonn.
Úthafskarfi innan línu	Gangverð var að mestu um 90 kr/kg á veiðitímabilinu maí til júní árið 2010.
Úthafskarfi utan línu	Úthafskarfa utan línu var ekki úthlutað árið 2010.
Þorskur v/ Noreg	Allt var flutt í skiptum fyrir aðrar tegundir.
Þorskur v/ Rússl.	Allt var flutt í skiptum fyrir aðrar tegundir.
Norsk-íslensk síld. 2009-2010	Allir sem eru að veiða eiga heimildir og því lítið um leigu. Helst skipti á heimildum í lögsögu Íslands fyrir heimildir við Noreg.
Flæmingjarækja árið 2010	Ekkert hefur verið um leigu á Flæmingjarækju enda ekkert skip frá Íslandi á veiðum þar.
Kolmunni árið 2010	Allir sem eru að veiða kolmunna eiga þær heimildir sjálfir og því ekkert um leigu á kolmunna.

## Skarkoli

Framboð var á skarkola í upphafi fiskveiðisárs þar til í byrjun júlí þá fór að verða erfitt að fá skarkola eins og flestar aðrar tegundir, nema helst í skiptum. Verðið byrjaði í 110 kr/kg en hækkaði síðan jafnt og þétt þar til í maí er það var komið í 140 kr/kg og hélst þannig út fiskveiðisárið. Meðalverð á aflamarki í skarkola hækkaði úr 83 kr/kg í 128 kr/kg á milli fiskveiðisára.

## Þykkvalúra – Langlúra – Sandkoli – Skrápflúra

Á fiskveiðisárinu var sáralítið um leigu á þessum tegundum, nema helst á þykkvalúru og langlúru frá maí til loka fiskveiðisársins. Verð á öllum þessum tegundum hækkaði á milli fiskveiðisára. Þar sem mikill skortur var á öllum tegundum var töluvert af úthlutaðum kvóta í langlúru, sandkolu og skrápflúru notaður í tegundatilfærslur þar sem þessar tegundir eru verðminni en aðrar tegundir.

## Úthafsækja

Framboð var á úthafsækju í upphafi fiskveiðisárs og töluvert um leigu og skipti enda töldu margir að það væri að rofa til í úthafsækju eftir margra ára aflabrest og taprekstur á úthafsækjuveiðum. Flestir voru að birgja sig upp með því að leigja rækju eða skipta fyrir aðrar tegundir veigna veiða á úthafsækju seinni hluta fiskveiðisársins. Verðið var til að byrja með 6 kr/kg en var komið í um 10 kr/kg um áramótin. Þá má heita að öll fánleg rækja væri komin í hendur þeim aðlum sem ætluðu að veiða hana. Veiðin gekk vel og náðist að veiða rúmlega þau 7.000 þús. tonn sem úthlutað var.

## Humar

Mjög lítið var um leigu á humri á fiskveiðisárinu. Nánast allur humar sem fór á milli skipa var í skiptum fyrir aðrar tegundir. Í þessum skiptum var humar verðlagður frá 1000-1400 kr/kg.

## MEÐALGANGVERÐ Á AFLAMARKI EFTIR FISKVEIÐIÁRUM FRÁ 1998-1999 OG TIL OG MEÐ 2009-2010

Fiskveiðiár	1998-1999	1999-2000	2000-2001	2001-2002	2002-2003	2003-2004	2004-2005	2005-2006	2006-2007	2007-2008	2008-2009	2009-2010
	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg
Porskur	99,22	112,40	105,81	158,00	141,00	119,40	123,87	134,16	182,49	244,92	181,30	274,00
Ýsa	46,25	73,56	91,46	128,00	68,00	31,65	40,75	44,16	38,68	40,28	44,70	174,00
Ufsi	29,77	34,07	32,32	50,00	36,00	20,99	18,32	16,11	17,92	15,06	15,89	90,00
Karfi	40,59	39,60	41,45	45,00	37,00	25,85	18,63	27,74	27,27	21,68	27,47	89,00
Langa	-	-	-	80,00	58,00	34,58	33,45	39,69	52,81	53,37	46,60	72,00
Keila	-	-	-	37,00	31,00	21,95	18,40	27,53	30,74	24,59	25,69	40,00
Steinbitur	22,06	33,98	31,80	56,00	52,00	27,86	42,68	53,52	72,54	75,42	85,00	165,00
Skótuselur	-	-	-	145,00	122,00	81,54	115,97	152,18	134,34	123,08	123,70	289,00
Grálúða	93,15	105,43	101,27	130,00	88,00	34,38	30,97	52,17	51,03	38,64	52,02	217,00
Skarkoli	44,66	105,92	112,58	150,00	122,00	97,65	122,59	115,62	111,12	98,56	82,77	128,00
Þykkvalúra	-	78,70	71,23	95,00	84,00	64,75	101,34	126,22	125,24	101,50	122,82	161,00
Langlúra	39,35	43,03	43,48	55,00	47,00	50,96	52,09	49,87	39,67	39,25	36,64	69,00
Sandkoli	18,07	22,23	22,40	36,00	26,00	12,14	11,29	12,00	11,29	9,49	12,17	36,00
Skrápflúra	15,19	21,97	23,33	34,00	24,00	11,00	10,46	11,20	11,16	8,99	12,03	44,00
Úth. rækja	3,59	11,83	24,91	22,00	7,00	4,17	1,63	1,77	2,70	2,09	3,00	9,00
Humar	398,53	447,36	564,60	750,00	880,00	950,00	925,00	1000,00	1050,00	1200,00	900,00	1350,00
Síld	5,42	4,93	4,97	11,00	4,00	4,72	7,28	9,00	Óljóst	Óljóst	Óljóst	25-30
Loðna	0,20	1,45	1,41	2,00	1,50	0,20	1,60	Óljóst	Óljóst	Óljóst	Óljóst	Óljóst
Úthafskarfi innan (*niðri)	31,72	*25,94	22,00	30,00	17,00	10,00	Óljóst	20,50	19,00	Óljóst	30,00	90,00
Úthafskarfi utan (*uppi)	31,72	*22,82	10,67	7,00	5,00	Óljóst	Óljóst	19,00	Óljóst	Óljóst	0,00	0,00
Flæm rækja	30,87	30,36	18,88	4,00	3,00	5,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Norsk - íslensk síld	-	-	-	15,00	8,00	6,00	6,00	Óljóst	Óljóst	Óljóst	Óljóst	25-30
Kolmenni	-	-	-	2,50	2,00	1,00	Óljóst	Óljóst	Óljóst	Óljóst	Óljóst	Óljóst

### **Síld, loðna, kolmurni og Norsk- íslensk síld**

Sáralítið var um leigu á þessum tegundum á fiskveiðiárinu enda eru þær almennt í eigu aðila sem veiða þær á sínum skipum. Að vísu er aðeins um að aðilar hafi skipti á þessum tegundum og þá er nokkuð um færslur milli aðila sem eru í samstarfi.

### **Þorskur við Noreg og Rússland**

Veiðar í Barentshafi gengu vel. Fimm aðilar eiga megnið af úthlutuðum kvóta þar og senda sín skip til veiða. Aðrir sem eiga minni heimildir þar telja að það svari ekki kostnaði að senda skipin til veiða, heldur skipta þeir á þeim heimildum fyrir tegundir innan lögsögu. Á haustmánuðum þegar skiptin voru ákveðin voru verðhugmyndir á þorski í Barentshafi rúm- ar 100 kr/kg.

### **Úthafskarfi**

Veiðar á úthafskarfa innan línu gengu vel og kláraðist allur kvótinn innan línu. Verðið á úthafskarfa í leigu var um 90 kr/kg. Ekki var úthlutað úthafskarfa utan línu þar sem enginn hafði áhuga á að fara á þær veiðar.

### **Yfirlit yfir verðhugmyndir, verð, framboð og eftirspurn á aflahlutdeild fiskveiðiárið 2009/2010**

Á fiskveiðiárinu 2009/2010 var ekkert um viðskipti með aflahlutdeildir og ekkert um alvöru sölu- eða kauptilboð hjá kvótamiðlun LÍÚ. Í umræðunni er mjög breitt bil á milli verðhugmynda seljenda og kaupenda. Margir höfðu á orði að vegna ástandsins á fjármálamörkuðum fengist ekkert fjármagn til að hugsa um viðskipti með kvóta og ekki síður vegna hótunar stjórnvalda um að fyrna aflaheimildir.



## 14. ÍSFISKSALA

### Ísfisksala til Englands og Þýskalands frá 1. september 2009 til 31. ágúst 2010

Tölurnar miðast við slægðan afla.

#### Þýskaland

Gámar

Fisktegund:	Selt magn	Verðmæti	Meðalverð
Blálanga	194.422	36.286.968	186,6
Djúpkarfi	1.779.347	539.929.536	303,4
Hlýri	89.112	32.239.120	361,8
Karfi / Gullkarfi	6.002.895	1.601.219.780	266,7
Skötuselur	72.563	60.766.297	837,4
Steinbítur	409.874	142.788.197	348,4
Ufsi	613.747	106.311.999	173,2
Úthafskarfi	278.045	60.117.194	216,2
Annað	106.335	35.590.981,06	334,7
<b>Alls:</b>	<b>9.440.005</b>	<b>2.579.659.090</b>	<b>273,3</b>

#### England

Gámar

Fisktegund:	Selt magn	Verðmæti	Meðalverð
Þorskur	4.814.483	2.024.343.172	420,5
Ýsa	10.969.272	3.784.724.120	345,0
Ufsi	99.269	17.735.552	178,7
Lýsa	1.082.762	214.128.309	197,8
Karfi / Gullkarfi	1.862.498	455.559.010	244,6
Langa	331.737	72.589.451	218,8
Blálanga	786.065	164.701.230	209,5
Steinbítur	1.695.136	602.721.206	355,6
Hlýri	162.629	63.199.634	388,6
Skötuselur	1.941.186	1.277.052.677	657,9
Grálúða	205.222	111.069.035	541,2
Skarkoli	2.251.871	680.498.697	302,2
Þykkvalúra / Sólkoli	686.620	298.084.626	434,1
Annar afli	730.663	402.159.143	550,4
<b>Alls:</b>	<b>27.619.413</b>	<b>10.168.565.862</b>	<b>368,2</b>



## Ísfisksala til Englands og Þýskalands frá 1. september 2008 til 31. ágúst 2009

Tölurnar miðast við slægdan afla.

### Þýskaland

Gámar

Fisktegund:	Selt magn	Verðmæti	Meðalverð
Blálanga	160.597	31.064.561	193,4
Hlýri	80.747	21.341.503	264,3
Karfi / Gullkarfi	4.445.369	1.119.013.218	251,7
Langa	49.731	7.012.041	141,0
Steinbítur	276.758	76.896.363	277,8
Ufsi	857.908	134.910.710	157,3
Úthafskarfi	287.191	62.271.362	216,8
Annar afli	48462	15.448.201	318,8
<b>Alls:</b>	<b>6.206.763</b>	<b>1.467.957.959</b>	<b>236,5</b>

### Þýskaland

Siglingar

Fisktegund:	Selt magn	Verðmæti	Meðalverð
Karfi / Gullkarfi	117.207	36.999.981	315,7
Keila	113	46.148	408,4
Langa	432	74.544	172,6
Skötuselur	85	74.594	877,6
Steinbítur	12	9.901	825,1
Ufsi	17.966	3.252.075	181,0
Annar afli	2.193	874.206	398,6
<b>Alls:</b>	<b>138.008</b>	<b>41.331.449</b>	<b>299,5</b>

### England

Gámar

Fisktegund:	Selt magn	Verðmæti	Meðalverð
Þorskur	8.391.885	3.189.456.552	380,1
Ýsa	22.067.414	6.366.311.366	288,5
Ufsi	175.921	25.872.736	147,1
Lýsa	692.482	108.278.703	156,4
Karfi / Gullkarfi	2.982.933	615.757.980	206,4
Langa	469.572	87.834.292	187,1
Blálanga	766.199	141.100.498	184,2
Steinbítur	3.038.461	853.743.684	281,0
Hlýri	119.543	32.886.567	275,1
Skötuselur	2.109.333	1.137.932.027	539,5
Skarkoli	4.285.053	1.328.961.426	310,1
Annar afli	231.970	49.380.518	212,9
<b>Alls:</b>	<b>45.330.766</b>	<b>13.937.516.348</b>	<b>307,5</b>

### England

Siglingar

Fisktegund:	Selt magn	Verðmæti	Meðalverð
Þorskur	359.338	95.864.829	266,8
Ýsa	31.063	7.868.607	253,3
Ufsi	3.174	482.774	152,1
Karfi / Gullkarfi	3.817	686.857	179,9
Langa	24.786	4.674.297	188,6
Keila	21.375	2.050.810	95,9
Annar afli			
<b>Alls:</b>	<b>443.553</b>	<b>111.628.174</b>	<b>251,7</b>

**Útgefandi**

Landssamband íslenskra útvegsmanna

**Umsjón**

Sigurður Sverrisson

**Ljósmyndir**

Bergþór Gunnlaugsson

Finnbogi Marínósson

Hreinn Magnússon

**Umbrot og prentun**

Svansprent, október 2010





**Landssamband íslenskra  
útvegsmanna**

Borgartúni 35 • 105 Reykjavík • Sími: 591 0300 • Símbref: 591 0301 • [www.liu.is](http://www.liu.is)